

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1976
REYKJAVÍK 1977

Setning, prentun, bókband:
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA HF.

EFNISYFIRLIT

Skýrsla bankastjórnar	5
Yfirlit um þróun efnahagsmála	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag	11
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrismál	19
Fjármál ríkisins	26
Peningamál	33
Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir	40
Yfirlit yfir lánamarkaðinn	46
Gengismál	50
Erlend mál og samningar	52
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð	55
Rekstur bankans og ýmis starfsemi	61
Stjórn bankans og starfslið	66
Reikningur 1976	70
Efnahagur 31. desember 1976	70
Rekstrarreikningur árið 1976	72
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. desember 1976	74
Tölflur (sjá yfirlit á næstu síðu)	76

TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun	76
2. tafla. Verðlag og kaupgjald	76
3. tafla. Fjármunamyndun	77
4. tafla. Magn og verðvísitölur sjávarafurðaframleiðslu	77
5. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1972—1976	78
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd. Ársfjórðungsyfirlit 1975—1976	79
7. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna	80
8. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun	81
9. tafla. Útflutningur. Skipting á helztu vöruflokka	81
10. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við	81
11. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum	82
12. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkisins	83
13. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum	83
14. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum	84
15. tafla. Seðlar og mynt	84
16. tafla. Skipting seðlamagnsins á seðlastærðir í árslok	85
17. tafla. Skipting myntar eftir myntstærð í árslok	85
18. tafla. Ávísanaskipti	85
19. tafla. Úr peningamálum	86
20. tafla. Úr reikningum Seðlabankans	87
21. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana	88
22. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana	89
23. tafla. Skipting spariinnlána eftir innlánsformum í árslok	89
24. tafla. Inn- og útlán innlánsstofnana	90
25. tafla. Greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða	91
26. tafla. Greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða 1976	92
27. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða	94
28. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða	94
29. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða	95
30. tafla. Úr reikningum lánastofnana	95
31. tafla. Útlánaflokkun lánastofnana	96
32. tafla. Vaxtakjör og bindiskyldureglur	97
33. tafla. Efnahagsreikningur Seðlabankans 1970—1976	99
34. tafla. Meðalgengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Seðlabankans	102

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

YFIRLIT UM ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Hagsveiflan í heiminum

Þrátt fyrir aukna þekkingu á gangi efnahagsmála og margháttað tók á stjórn þeirra, hafa nokkuð reglulegar hagsveiflur gengið yfir heiminn allt frá stríðslokum, en þær hafa verið vægar á fyrri tíma mælikvarða. Fram til loka sjöunda áratugsins mátti jafnvel líta á hagsveifluna sem tiltölulega meinlausar yfirborðsöldur á framstremmi hagvaxtar og samfélagsþróunar, sem á tæpast sinn líka í sögunni að umfangi og varanleik.

Hagsveiflan, sem hófst með uppgangi árið 1971 og náði hámarki undir árslok 1973 og lágmarki fyrir mitt árið 1975, markaði þáttaskil í þessum efnnum. Einkenn-dist uppgangskafli hennar af almennri verðbólguþróun og meiri hækkun hrávöruverðlags en áður voru dæmi til. Saman við þessa almennu framvindu blandaðist upplausn fastgengiskerfisins og fjórföldun hráolíuverðlags, en báðir þessir atburðir höfðu djúptæk áhrif og gerðu óhjákvæmilegt að snúast án tafar gegn verðbólgu, sem þegar hafði gengið til muna of langt.

Hinn mikli efnahagssamdráttur, sem hófst í byrjun ársins 1974 og stóð fram eftir ári 1975, varð hinn mesti, sem yfir efnahagskerfi heimsins hefur gengið síðan í heimskreppunni í byrjun fjórða áratugsins. Við afleiðingar verðbólgunnar, sem geisað hafði árin á undan og kallað hafði á strangt aðhald í fjármálum og peningamálum, bættust nú áhrif hækkunar olíuverðs, en hún hafði í för með sér allt í senn hækkun verðlags, samdrátt kaupgetu í olíuinnflutningsríkjum og gífurlega röskun í viðskiptajöfnuði milli ríkja. Atvinnuleysi jókst verulega á þessu samdráttarskeiði, en þótt verðbólgan sjatnaði, var hún þó enn tvöfalt meiri en á sjöunda áratugnum að meðaltali. Áttu því mörg ríki við að glíma allt í senn verðbólgu, atvinnuleysi og óhagstæðan viðskiptajöfnuð.

Aðlögun og endurbati

Aðlögun alþjóðagreiðslukerfis og lánastarfsemi að breyttum skilyrðum gekk greiðlegar en margir höfðu búizt við, svo að upp úr miðju ári 1975 voru flest lönd reiðubúin að gera ráðstafanir til endurbenslu. Minnug reynslunnar af undanförmu þensluskeiði, fóru stjórnvöld þó yfirleitt gætilega af stað. Batinn varð þó mjög ör á fyrri hluta 1976, og var hagvöxtur þá um 6% á OECD-svæðinu, en hægðist síðan skjótt, og er áætlaður um 5% árið 1976 í heild. Batinn varð skjótari og horfur vænlegri í Bandaríkjunum heldur en í Vestur-Evrópu, en á OECD-svæðinu í heild er hagvöxtur áætlaður nálægt 4% árið 1977.

Mat manna á endurbata og hagvaxtarhorfum eru enn mismunandi, enda aðstæður misjafnar og nokkuð tvíátta. Atvinnuleysi hefur haldizt mun meira en á fyrri endurbataskeiðum, en kauphækkunar þó verið verulegar. Eftir að fyrstu og hagstæðustu framleiðniáhrif endurbenslunnar hafa komið fram, ríkir því áfram mikil tilhneiging til verðhækkana, sem urðu um 8% að meðaltali innan OECD-svæðisins árið 1976 en um 10—11% í Evrópulöndum þess sérstaklega. Verðbólguhorfurnar hvetja stjórnvöld til varkárni í aðgerðum til eflingar hagvexti og veikja um leið traust fyrirtækja á endurbata og vaxtarhorfum. Þótt það sé að öllu samantöldu mat ábyrgra aðila, að sémilegar horfur séu á tiltölulega jöfnum, fremur en örum, hagvexti um nokkurt skeið, er farsæl þróun í þessu efni öðru fremur háð því, að viðtæk samstaða náist með stjórnvöldum og hagsmunasamtökum um heildarstefnu, sem samrýmzt geti viðunandi stöðugleika í verðlagsþróun.

Íslenzka hagsveiflan

Hin sérstaka hagsveifla íslenzks þjóðarbúskapar er sprottin af hinnu alþjóðlegu, en er jafnframt háð sérskilyrðum á mörkuðum fiskafurða, ástandi fiskstofna, aflabrogðum og innlendum efnahagsskilyrðum. Framboð frumvara, þar á meðal lítt unninna matvara, er mjög háð náttúruskilyrðum, svo að eftirspurnarsveiflur verka hlutfallslega sterkt á verð þeirra. Frá upphafi þessa áratugs hefur matvælaverð í alþjóðaviðskiptum fylgzt vel að við almennt verð frumvara og heldur betur en svo síðustu árin. Verðsveifla þeirra hefur jafnframt verið sérstaklega mikil. Markaðsskilyrði fiskafurða eru einkum háð verðmyndun kjöttegunda og fódurvara kvikfjár, jafnframt ástandi fiskstofna og neyzluþróun, og voru þau skilyrði mjög hagstæð miðað við almennt matvælaverðlag á árunum 1972 og 1973.

Viðskiptakjör

Í síðustu hagsveiflu varð fyrst mjög ör hækkun útflutningsverðlags, eða um 72% frá árinu 1972 til fyrsta ársfjórðungs 1974, og hafði hún í för með sér bata viðskiptakjara um 23%. Eftir það snerist útflutningsverðlag til örrar lækkunar, er stóð næsta hálf árið annað ár, jafnframt því sem innflutningsverðlag hélt

áfram að hækka, og var þessi reynsla mikil nýlunda í íslenzku efnahagslífi, þar sem yfirleitt hefur verið á viðunandi verðfestu innflutnings að treysta. Frá fyrsta ársfjórðungi 1974 til þriðja ársfjórðungs 1975 féll útflutningsverðlag um 22% og innflutningsverð hækkaði um 15%, svo að viðskiptakjör rýrnuðu um 33%. Þessi óhagstæða þróun snerist við um áramótin 1975—76, en samhliða hækkun útflutningsverðlags frá þriðja ársfjórðungi 1975 til síðasta ársfjórðungs 1976, um 34%, hefur innflutningsverð einnig hækkað nokkuð eða um 9%. Enda þótt viðskiptakjör hafi þannig náð verulegum endurbata, eða um 23% til síðasta ársfjórðungs 1976, stóðu þau á árinu 1976 í heild í sömu sporum og árið 1972. Verðhækkun innflutnings, sem þessu veldur, skýrist ekki aðeins af samspili frumvöruhækkunar og verðbólgu í iðnaðarlöndunum, heldur einnig af óhagstæðum breytingum gengishlutfalla milli útflutnings- og innflutningslanda okkar. Með þeim afurðaverðhækkunum, sem orðið hafa fram um síðustu áramót, er ástæða til að ætla, að viðskiptakjarabatinn hafi runnið skeið sitt á enda að sinni.

Sveiflunæmi

Íslenzka hagkerfið er mjög opið og næmt fyrir útbreiðslu hagsveiflna og þá verð- og tekjuhækkana sérstaklega, þrátt fyrir viðleitni til að þróa hagstjórnarhætti til viðnáms. Leið sveifluáhrifanna um hagkerfið er orðin vel kunn af fyrri reynslu. Í kjölfar breytinga framleiðslustarfsemi og útflutningstekna koma tekju- og kjarabreytingar og síðan breytt eftirspurnarstig. Gerast breytingar þessar að mestu sjálfkrafa í uppsveiflunni, þ.á m. á vettvangi kjarasamninga, en í afturkipnum verður hið opinbera að skerast í leikinn, og er þá oft varla um annað en verðhækkandi aðgerðir að velja. Ríkt tillit stjórnvalda til atvinnustigs og lífskjara gerir þær ákvarðanir örðugar og seinteknar. Eftirspurnarsveiflan er því að jafnaði talsvert á eftir sveiflu framleiðslutekna, og geta tafir í viðbrögðum valdið því, að meira en ári sé varið til aðlögunar rauntekna og eftirspurnar, einkum ef breytingar ytri skilyrða halda áfram til sömu áttar. Það er einkum komið undir þessum tímamun framleiðslu- og eftirspurnarsveiflu, hve alvarleg misvægismál koma upp og hve mikill hallinn út á við verður.

Hallinn út á við

Misvægi í þjóðarbúskapnum varð sérstaklega mikið í undanfarandi hagsveiflu, þar sem stórfelld launahækkun á fyrsta fjórðungi ársins 1974, bættist ofan á þensluástand og tæpan jöfnuð út á við. Misvægið, sem á eftir fór, varð því samanlögð niðurstaða þessarar röskunar inn á við og mikillar rýrnunar viðskiptakjara út á við. Af stjórnmálalegum ástæðum urðu viðbrögð stjórnvalda sein, og sökum stærðar aðlögunarvandans og hliðsjónar af atvinnuástandinu treystust stjórnvöld aðeins til hæg-

Þróun fjármála og peningamála

fara aðlögunar skref fyrir skref. Þannig myndaðist hinn gífurlegi viðskiptahalli áráanna 1974 og 1975, sem jafna varð með erlendum lánum og eyðslu gjaldeyrisforðans. Mikil breyting til batnaðar varð í viðskiptajöfnuði á árinu 1976, þótt enn þyrfti að jafna verulegan viðskiptahalla með erlendum lánum, jafnframt því sem tekin voru sérstök gjaldeyrislán til þess að koma gjaldeyrisforðanum í viðunandi horf.

Sú töf, sem varð á aðlögun að efnahagsáföllunum, kallar á, að lækkun viðskiptahallans og bætt gjaldeyrisstaða hafi samsvarendi forgang, áður en ávinningi aukinna þjóðartekna sé að fullu veitt út í hagkerfið. Könnun undanfarandi hagsveiflu varpar og skýru ljósi á þá staðreynd, að afdrif þjóðarbúsins yfir hagsveifluna í heild eru að miklu leyti ráðin af viðbrögðunum við uppganginum, hvort þá sé þensla og verðbólga hamin og safnað í hlöður til mögru áráanna eða allri ábata- og þensluhneigð gefinn laus taumurinn, svo að þjóðarbúið standi berskjaldað fyrir næstu áföllum.

Á árinu 1976 náðist veigamikill árangur í bættum jöfnuði hreyfinga á sviði fjármála og peningamála, er skoða ber sem áfanga að umræddu marki bættrar ytri stöðu. Af þessu tvennu hafa aðgerðir í fjármálum ríkisins öllu beinni áhrif á samhengi framleiðslutekna og þjóðarútgjalda með sköttun teknanna annars vegar og útgjöldum hins opinbera hins vegar. Tekjutilfærsluhlutverk hins opinbera veldur þó gjarnan alvarlegri mótsögn markmiða, þegar skyndileg áföll verða og velja þarf milli þess að milda áföllin eða bæta efnahagslegt jafnvægi. Hið fyrra varð ofan á í sambandi við tekjumálastefnu ársins 1975, svo að ráðstafanir til aðhalds og stöðubata, sem voru þá þegar tímabærar með tilliti til stöðu þjóðarbúsins út á við, frestuðust fram til 1976. Reyndust þær þá fullnægjandi til að forða frekari þensluáhrifum frá ríkisbúskapnum sjálfum, en ekki nægar til mótvægis gegn vaxandi þenslu af völdum endurbatans. Er því þörf áframhaldandi aðhalds að fjármálum hins opinbera.

Að gefinni tekjuþróun og fjármálastefnu er svigrúmið til áhrifa með beitingu peningamálaaðgerða einni saman afar þröngt, en þær aðgerðir verka einkum á frjálsan sparnað og fjárráðstöfun einkaaðila. Er þetta svigrúm enn þrengra vegna andspyrnu gegn sveigjanlegri beitingu vaxta og annarra lánskjara eftir efnahagsskilyrðum. Verðbólgan hefur á undanförunum árum valdið verulega neikvæðum raunvöxtum fjármagns og haft í för með sér, að innlánastofn og fjármagnsþjónusta bankakerfisins við atvinnulífið hefur skroppið alvarlega saman að raungildi og hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Til að snúast við þessum vanda hefur sveigjanleg vaxtastefna verið endurvakin á allra

siðustu árum, en þó ekki nálgast það að bæta upp verðbólgu fyrir en með vaxtaaukafyrirkomulaginu, sem tekið var upp í maí 1976, jafnframt því að verðbólga var nokkuð tekin að hjaðna. Jafnframt hefur verðtrygging langra lána rutt sér æ meir til rúms. Árangurinn er sá, að tekið hefur fyrir lækkun á raungildi spari-fjármyndunar og í staðinn orðið lítills háttar aukning. Glæða þau umskipti vonir um, að auðnast megi að stefna að traustri uppbyggingu innlands fjármagns. Enn sem fyrr hefur þó reynt meira á beinar útlánatakmarkanir og bindiskyldu innlánsfjár. Á árinu 1976 náðist ekki svo góður árangur sem skyldi með þessum aðgerðum og ekki sambærilegur við árið áður, enda eru tæki af þessu tagi skörpust fyrst, en slævast með tímanum. Í samarbundi við verðbólgu og almenna þensluhneigð hefur aukning útlána þó verið fremur hófleg, og bankakerfið hefur styrkt stöðu sína nokkuð. Hafa aðgerðir í peningamálum skoðaðar í samhengi þannig skilað umtalsverðum árangri.

Lánsfjáráætlun


Á árinu 1976 var í gildi lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar, hin fyrsta sinnar tegundar, er spannar allan lánamarkaðinn. Áætlunin fellur í nokkra meginþætti: erlendar lántökur, bankakerfið, fjárfestingarlánasjóði og lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir. Greinargerð um framkvæmd áætlunarinnar í einstökum atriðum fellur því undir mismunandi kafla ársskýrslunnar. Óhjákvæmilegt reyndist að endurskoða nokkuð fjárþörf einstakra aðila á árinu, en í öllum meginatriðum var reynt að halda fast við markmið áætlunarinnar, enda er gildi hennar undir því komið. Fjármunamyndunin hefur á undanförunum árum numið ákaflega háu hlutfalli miðað við þjóðarframleiðslu, upp í 34% árið 1975, og raunar meiru en auðvelt er að nýta vel eða fjármagna með traustum hætti. Almenn fjármunamyndun dróst þó saman árið 1975, þótt ekki fylgdist alveg að við þjóðartekjur, en stórfamkvæmdir og innflutningur skipa og flugvéla stóð í heild nokkurn veginn í stað. Á árinu 1976 varð skv. bráðabirgðatölum nokkur samdráttur almennrar fjármunamyndunar og verulegur í innflutningi skipa og flugvéla, en stórfamkvæmdir færðust í aukana skv. fyrirfram gerðum áformum.

Staða og horfur

Eftir því sem fyllri heimildir hafa komið fram um árið 1976, verður æ ljósara, að endurbatinn eftir efnahagsáföllin er þegar tekinn að móta flesta þætti þjóðarbúskaparins. Að vísu jókst þjóðarframleiðsla lítið, eða tæp 2%, en bati viðskiptakjara hefur orðið talsvert örari en ráð var fyrir gert, svo að aukning þjóðartekna er áætluð rúm 5%. Framan af árinu var aðlögun almennra tekna og útgjalda að breyttum þjóðartekjum enn að gerast, og verkföll drógu enn úr ráðstöfunartekjum. Þegar á árið leið, fóru hækkanir launa og tekna hins vegar fram úr hækkun verðlags,

svo að lífskjör fóru batnandi, jafnframt því að atvinna fór nokkuð í vöxt. Má því telja, að ráðstöfunartekjur heimilanna hafi aukizt að kaupmætti um 1,5% á árinu og einkaneyzla um 1%, en samneyzla staðið í stað. Þótt verðbólga hafi sjatnað verulega frá hinni geigvænlegu hæð hennar árin á undan, nam hún enn um 30%, hvort sem litið er til hækkunar ársmeðaltals eða yfir árið. Verðbólgan hefur fyrst og fremst verið borin uppi af kerfisbundnum víxlverkunum kauplags og verðlags. Er því athyglisvert, og raunar brýnt úrlausnarefni, að hvort tveggja hefur hækkað a.m.k. sexfalt meira en nemur raunverulegri aukningu þjóðartekna. Endurbatinn hefur að þessu sinni gerzt við óhagstæð skilyrði að því leyti, að ekki hefur verið óhætt að hvetja til vaxandi sóknar í fiskstofnana, nema í vissum undantekningartilvikum, til þess að leysa viðskiptahallann út á við með magnaukningu útflutningsins. Hefur á þá hlið einkum verið á endurbata afurðaverðs að treysta, en hins vegar á magnminnkun á innflutningshlið. Ekki er talið óhætt að taka öllu meiri afla fyrir en eftir nokkur ár, og verður þá jafnan brýnt að finna meðalhóf hagstæðustu sóknar. Tæpast er heldur ástæða til að búast við öllu hagstæðara afurðaverði en nú þegar hefur náðst. Hins vegar gætu breytingar gengishlutfalla hugsanlega haft einhver hagstæð áhrif á viðskiptakjör. Horfur virðast þannig á, að endurbatinn reynist traustur. Engu að síður er fyllsta þörf aðgæzlu og hófstillingar í ákvörðun tekna og útgjalda, svo að endurbatinn nýtist til varanlegs ávinnings.

Batnandi efnahagsþróun




FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG

Á árinu 1976 urðu, eins og þegar hefur komið fram, veruleg umskipti til hins betra í þróun efnahagsmála. Benda bráðabirgðatölur til þess, að þjóðarframleiðsla hafi aukizt á árinu um hátt í 2%¹⁾, en árið áður dróst þjóðarframleiðslan saman um rúm 2%. Vegna batnandi viðskiptakjara urðu umskiptin enn meiri að því er varðar þjóðartekjur, sem jukust um 5,4% á árinu 1976, en þær höfðu lækkað um 6% árið áður. Skapaði þetta grundvöll mikilbata í viðskiptajöfnuði án frekari samdráttar í innlendri verðmætaráðstöfun.

Efnahagsörðugleikarnir, sem einkennt hafa þróun síðustu þriggja ára og fyrst gerðu alvarlega vart við sig snemma árs 1974, höfðu í för með sér mikla hlutfallslega röskun helztu þjóðhagsstærða. Einkum fór verðmætaráðstöfun langt fram úr framleiðslugetu og verðmætasköpun þjóðarbúsins, þannig að mikill halli varð á viðskiptum þess út á við. Sú stefna, sem fylgt hefur verið síðustu tvö árin, þ.e. stefna hægfara aðlögunar þjóðarútgjalda að versnandi ytri skilyrðum, leiddi það af sér, að misvægið út á við, sem skapað hafði, hélzt lengur en ella og varð ekki verulegur bati í því efni fyrr en með árinu 1976, en þá tók að rofa til og mjög dró úr viðskiptahallanum við útlönd. Framan af erfiðleikatímabilinu var hallanum gagnvart útlöndum einkum mætt með því að draga á gjaldeyrisforðann, en við það versnaði gjaldeyrisstaðan stórlega og fór raunar langt niður fyrir viðunandi mörk. Síðar voru í auknum mæli tekin erlend lán til þess að standa undir fjárfestingu og jafna hallann í viðskiptum við útlönd, og nú er svo komið, að erlendar langtímaskuldir þjóðarbúsins, nálgast að svara til 40% vergrar þjóðarframleiðslu undanfarið ár. Framkvæmd stefnu hægfara aðlögunar varð þannig til að fram- lengja tímabil misvægis út á við, en það hlýtur að taka að sama skapi lengri tíma að vinna upp samsafnaðan halla og eignast að nýju viðunandi gjaldeyrisvarasjóð. Á hiim bóginn hefur með

¹⁾ Hér, eins og annars staðar í skýrslunni, er miðað við raunbreytingar þjóðhagsstærða á föstu verðlagi ársins 1969.



Viðskiptakjörin

Þessari stefnu tekizt að ná því markmiði að tryggja gott atvinnu-
ástand allt erfiðleikatímabilið.

Efnahagsörðugleikar áramna 1974 og 1975 áttu öðru fremur ræt-
ur að rekja til óhagstæðrar þróunar út- og innflutningsverðlags.
Frá því snemma árs 1974 til 3. ársfjórðungs 1975 lækkaði verð-
lag á helztu útflutningsafurðum þjóðarinnar mjög, eða um rúm
22% mælt í erlendum gjaldmiðli. Á sama tíma og útflutnings-
verð tók að lækka, fór innflutningsverð að hækka og það örar en
dæmi voru til um áður. Verðhækkunir á olíu áttu ekki minnstan
þátt í þeirri þróun. Þessar verðhreyfingar endurspegluðust í hrað-
versnandi viðskiptakjörum. Frá 1. ársfjórðungi 1974 til 4. árs-
fjórðungs 1975 versnuðu þau um rúm 33%. Í lok ársins 1975
tók útflutningsverð að hækka nokkuð á ný og var að meðaltali
rúmlega 18% hærra 1976 heldur en 1975. Mikilvægasti þáttur-
inn í hækkun útflutningsverðlags voru verðhækkunir á fiskaf-
urðum á Bandaríkjamarkaði, enda vega þær þungt í heildarút-
flutningi okkar. Seint á árinu var verðlag sjávarafurða í heild
orðið um 30% hærra í erlendum gjaldmiðli heldur en það var
á árinu 1975. Að meðaltali mun verð á sjávarafurðum hafa verið
um 18% hærra í erlendri mynt 1976 heldur en 1975. Samhliða
hækkun útflutningsverðs hélt innflutningsverð áfram að hækka,
þótt hægar færi. Stóð það á 4. ársfjórðungi 1976 26% hærra
en á 1. ársfjórðungi 1974 og var að meðaltali 1976 um 5% hærra
en 1975. Viðskiptakjörin fóru þó batnandi í heild, og hélzt sú
þróun út árið 1976. Að meðaltali munu þau hafa verið 12,7%
betri 1976 heldur en 1975. Enn áttu þau þó langt í land að
ná því stigi, sem þau voru á 1973 og í upphafi árs 1974. Vant-
aði á 4. ársfjórðungi 1976 21% hækkun til að ná viðskiptakjara-
marki 1. ársfjórðungs 1974. Taflan, sem fylgir hér með, sýnir
þróun viðskiptakjaranna frá 1972 og ársfjórðungslega frá 1974.

Út- og innflutningsverð. Viðskiptakjör.

(1972=100,0)	Útfl. verð ¹⁾	Innfl. verð ²⁾	Viðskipta- kjör
1973:			
Ársmeðaltal	131,6	114,1	115,3
1974:			
1. ársfjórðungur	172,4	139,9	123,3
2. ársfjórðungur	156,2	154,0	101,4
3. ársfjórðungur	160,2	159,4	100,5
4. ársfjórðungur	153,2	162,4	94,3
Ársmeðaltal	158,8	152,7	104,0
1975:			
1. ársfjórðungur	143,4	158,4	90,5
2. ársfjórðungur	139,4	165,2	74,3
3. ársfjórðungur	134,0	161,3	83,0
4. ársfjórðungur	137,9	167,2	82,4
Ársmeðaltal	142,4	160,3	88,8
1976:			
1. ársfjórðungur	152,2	165,4	92,0
2. ársfjórðungur	164,0	166,8	98,4
3. ársfjórðungur	175,0	172,1	101,7
4. ársfjórðungur	180,0	176,3	102,1
Ársmeðaltal	168,4	168,3	100,1

1) Verð alls vöruútflutnings í erlendum gjaldmiðli.

2) Verð almenns vöruinnflutnings í erlendum gjaldmiðli.

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Viðskiptajöfnuður

Þessi hagstæða verðþróun og bötnun viðskiptakjara átti mikinn þátt í því að draga úr viðskiptahallanum við útlönd, og mun hann hafa numið tæpum 2% af vergri þjóðarframleiðslu árið 1976, en var um 11,5% á árunum 1974 og 1975. Um viðskiptajöfnuðinn verður fjallað nánar í kaflanum um greiðslujöfnuð og gjaldeyrismál hér á eftir.

Útflutningsframleiðslan

Í heild mun útflutningsframleiðslan hafa aukizt um 9% á árinu 1976. Munar þar töluvert um álframleiðslu, sem jókst um 12%. Á árinu var álverksmiðjan á ný rekin með fullum afköstum, en sú var ekki raunin á árunum 1974 og 1975, er eftirspurn eftir áli á heimsmarkaði dróst saman. Framleiðsla á sjávarafurðum jókst töluvert að magni til, þrátt fyrir mun minni loðnuaflla eins og síðar mun að vikið. Þrátt fyrir litla magnaukningu í sjávarafurðaframleiðslunni leiddu verðhækkningar af sér talsverða verðmætisaukningu. Framleiðsla útflutningsiðnaðar jókst einnig nokkuð. Þegar á heildina er litið var vöruútflutningur nokkru meiri en ársframleiðslan, og minnkuðu því birgðir útflutningsvara, gagnstætt því sem gerðist árið á undan, en þá varð umtalsverð aukning birgða, eins og síðar verður að vikið.

Heildarsjávarafli minnkaði örlítið á árinu, frá því sem hann

Sjávarafli og fiskiðnaður

var árið 1975, eða úr 994 þús. tonnnum í tæp 975 þús. tonn. Þessi minnkun stafar af minni loðnuafli en árið á undan, en verkföll leiddu af sér stöðvum loðnuflotans um tíma og urðu til þess, að vetrarveiðar loðnu urðu mun minni en 1975. Í heild minnkaði loðnuafliinn úr rúmum 500 þús. tonnnum árið 1975 í 458 þús. tonn árið 1976. Hins vegar jókst afli botnfisktegunda úr rúmum 428 þús. tonnnum 1975 í 437 þús. tonn 1976. Vegna minni veiða í Norðursjó varð síldarafli nokkru minni en árið á undan, en afli humars, rækju og annarra tegunda jókst verulega, en nemur þó litlum hluta heildaraflamagnsins. Togaraflinn jókst nokkuð, eða úr 185 þús. tonnnum í rúm 196 þús. tonn, en bátarafliinn minnkaði úr 810 þús. tonnnum í 778 þús. tonn vegna minni loðnuafli eins og áður er getið.

Að magni til jókst sjávarafurðaframleiðslan í heild um rúm 9%. Af einstökum greinum fiskiðnaðar má nefna, að framleiðsla á frystum fiski (án loðnu) jókst um 6,5%, framleiðsla á saltfiski og skreið um tæp 19%, en framleiðsla á fiskimjöli og lýsi jókst um 2,5% en landanir erlendis í nýjum og ísuðum fiski minnkuðu um 11%. Framleiðsla á öðrum sjávarafurðum jókst um 5%. Að meðtöldum verðhækkunum á erlendum mörkuðum og gengissigi er áætlað, að verðmæti heildarframleiðslu sjávarafurða hafi verið um 46% meira heldur en 1975. Þrátt fyrir ofangreinda verðmætisaukningu hefur hagur sjávarútvegs ekki vænkast að sama skapi, þar eð rekstrarkostnaður hefur vaxið ört. Á þetta við um fiskvinnsluna sérstaklega, en hún varð að mæta mjög hækkandi hráefniskostnaði auk hækkunar annarra rekstrarliða. Samt sem áður mun afkoma hennar hafa skánað nokkuð frá fyrra ári. Framleiðsla landbúnaðarafurða hefur væntanlega aukizt um 3-4% frá 1975. Magn innveginnar mjólkur jókst örlítið eða um sem næst 0,4%. Hvað varðar mjólkurafurðir, þá jókst smjörframleiðsla um 20%, en framleiðsla á osti dróst saman um 19%. Framleiðsla dillakjöts stóð því sem næst í stað og var því enn miklu meiri en sem svarar neyzlu þess innanlands, enda voru á árinu flutt út 4.765 tonn að útflutningsverðmæti rúmlega 1.200 m.kr. Bústofnsaukning var töluverð.

Landbúnaður

Iðnaðarframleiðslan í heild jókst nokkuð á árinu og varð umtalsverð aukning í iðnaðarframleiðslu til útflutnings, eða allt að 16% að slepptri álframleiðslu. Verðlag þessa útflutnings hækkaði einnig verulega frá 1975 til 1976 eða um nálægt 30% í erlendum gjaldmiðli. Hagur þessara greina hefur því styrkt enn, en þær hafa skilað stöðugt vaxandi hagnaði allt frá árinu 1972. Aðra sögu er hins vegar að segja af heimamarkaðsgreinum, en lítil breyting virðist hafa orðið á afkomu þeirra og var hún svipuð og á árunum 1974 og 1975. Afkoma þessara greina var

Iðnaður

mjög góð á árinu 1971, en dalaði nokkuð upp frá því, og allra síðustu árin hefur hún verið léleg, þegar á heildina er litið. Af heimamarkaðsgreinum má nefna, að hagur viðgerðargreina virðist hafa verið svipaður og undanfarin ár og hagur vöruframleiðslugreina sömuleiðis svipaður og á árunum 1974 og 1975, en lakari en á árunum 1971—1973.

Verzlun

Afkoma verzlunar breyttist nokkuð á árinu. Hagur heildverzlunar hefur að líkindum versnað eilítið frá því árið á undan, en samt verið svipaður og á árunum 1973 og 1974. Aftur á móti virðist hagur smásöluverzlunar hafa vænkast nokkuð, en staða hennar í heild var slök á árinu 1975. Rétt er að taka fram, að hér er talað um smásöluverzlun sem heild, en mikill munur getur verið á afkomu einstakra greina innan hennar. Upplýsingar um verzlun í Reykjavík og á Reykjanesi sýna, að frá 1975 til 1976 hefur heildarvelta í heildsölugreinum aukizt um 24%, í smásöluverzlun um 33% og í verzlun í heild um 27%. Af einstökum greinum má nefna, að velta í olíuverzlun jókst um 15%, í sölu á nýjum bifreiðum og bifreiðavörum um 55%, í verzlun með kjöt, nýlenduvörur, brauð og mjólk um 38%, en verzlun með þessar síðast töldu vörur vegur u.þ.b. þriðjung í allri veltu smásöluverzlunar.

Innlend verðmætaráðstöfun

Bráðabirgðatölur benda til þess, að innlend verðmætaráðstöfun hafi staðið því sem næst í stað frá árinu 1975, og eru þá birgða- og bústofnsbreytingar frátaldar. Að meðtöldum birgðabreytingum hefur orðið nokkur samdráttur verðmætaráðstöfunar í heild eða um 4%. Breytingar einkaneyzlu og fjármunamyndunar munu hafa vegizt nokkurn veginn á, en á árinu 1975 varð samdráttur beggja þessara meginþátta álíka mikill.

Einkaneyzla

Talið er, að einkaneyzlan á árinu 1976 hafi vaxið um nálægt 1% að magni frá árinu 1975, en þá minnkaði hún um 10%. Á árinu 1976 mun hafa orðið lítils háttar aukning á kaupmætti tekna, einkum á síðari hluta ársins, enda hneigðist einkaneyzla þá til aukningar á ný. Á árinu 1975 varð verulegur samdráttur í innflutningi varanlegra neyzluvara, t.d. bifreiða, en nokkur aukning varð á ný á árinu 1976.

Samneyzla

Svipað gildir um samneyzlu og einkaneyzlu, en hún mun ekki hafa breytzt að marki frá 1975. Nokkuð mörg undanfarin ár hafði samneyzlan aukizt um 5—6% árlega, en á árinu 1975 varð aukningin aðeins 2% og á árinu 1976 tæpast nokkur eins og fyrr segir.

Fjármunamyndun

Nokkur samdráttur varð í fjármunamyndun á árinu, eða um rúm 3% á móti 8,4% árið áður. Fjármunamyndun atvinnuveganna varð um 17% minni á árinu heldur en 1975, og stafar það einkum af minnkandi fjárfestingu í fiskveiðum. Raunar mun

hafa orðið nokkur samdráttur í öllum greinum atvinnufjárfestingar, að undanskildum verzlunar-, skrifstofu- og veitingahúsum, en hlutfallslega minnstur samdráttur varð í almennum iðnaði og flutningatækjum, en þar munaði mest um flugvélakaup Flugleiða. Af einstökum liðum má nefna, að framkvæmdir á Grundartanga í Hvalfirði urðu fremur litlar og innflutningur skipa og flugvéla varð um 48% minni en 1975. Nokkur aukning varð í opinberum framkvæmdum. Raforkuframkvæmdir jukust, hitaveituframkvæmdir voru svipaðar og 1975, en samdráttur varð í umsvifum við byggingar og mannvirki hins opinbera og í framkvæmdum vegna samgöngumála. Hins vegar hætti að draga úr byggingu íbúðahúsnaðis, og er áætluð aukning um 2%, en árið áður varð um 7% samdráttur íbúðabygginga.

Birgðabreytingar

Nokkuð gekk á útflutningsbirgðir á árinu. Að vísu varð birgðaaukning sjávarafurða um 867 m.kr. á meðalverðlagi ársins, en vegna aukinnar eftirspurnar eftir áli á heimsmarkaði minnkuðu birgðir álverksmiðjunnar í Straumsvík verulega, eða um tæplega 12.500 tonn áls auk minnkaðra hráefnisbirgða, alls að verðmæti um 2.500 m.kr. Þá gekk nokkuð á birgðir landbúnaðarvara og kísilgúrs. Alls nam birgðaminnkun útflutningsvara ásamt álhráefni um 1.780 m.kr. á meðalverðlagi ársins, en þar á móti varð bústofnsaukning um 530 m.kr., og varð niðurstaðan því birgða- og bústofnsminnkun um 1.250 m.kr. Alls nam verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok 1976 13.205 m.kr.

Vinumarkaðurinn

Fyrri kjarasamningar ASÍ og vinnuveitenda giltu til ársloka 1975. Hófust samningar í desemberbyrjun það ár, en samkomulag náðist ekki, svo að til víðtækra verkfalla kom frá 17. til 28. febrúar, er nýir kjarasamningar voru undirritaðir. Nær samningstímabilið fram til 1. maí 1977. Samningarnir fólu í sér 6% almenna kauphækkun 1. marz, 1. júlí og 1. október 1976 og síðan 5% 1. febrúar 1977, eða alls um 25% almenna hækkun á samningstímanum, auk sérstakra láglaunahækkana og ýmissa sérhækkana einstakra félaga. Þá voru og í samningunum ákvæði um verðbætur, færi verðbólgan fram úr þeim áætlunum, sem lágu til grundvallar við samningagerðina miðað við útreikningstíma vísitölu framfærslukostnaðar 1. júní og 1. október 1976 og 1. febrúar 1977. Sú varð raunin að hækkun framfærslukostnaðar varð meiri en spár tilgreindu, og voru því greiddar verðlagsuppbætur á laun 2,7% hinn 1. júlí og 3,1% 1. nóvember (og 2,5% 1. febrúar 1977). Þannig hefur hin almenna launahækkun orðið 35,7% innan árs frá samningunum, auk sérhækkana, svo að heildarhækkun fór upp í um það bil 40% að meðaltali fyrir verkafólk.


Kjarasamningar þessir voru gerðir við skilyrði verðbólguþróun-

ar, sem var í gangi í kerfinu af völdum fyrri hækkunarþátta, og komu þeim til viðbótar með fyrrgreindum afleiðingum víxlhækkunar verðlags og launa. Sú viðurkenning óhjákvæmilegra verðhækkana, sem fólst í rauðu strikunum, svo og uppsöfnun verðhækkunar, áður en til nýrra verðuppbóta kom, varð til þess að lífskjör héldu áfram að rýrna á fyrri helmingi ársins og munu hafa náð lágmarki seint á 2. ársfjórðungi.

Þegar á árið leið, urðu kauphækkunir og vísitölubætur meiri en sem nam hækkun framfærslukostnaðar, svo að kaupmáttur kaup-taxta verkafólks og iðnaðarmanna mun á síðasta ársfjórðungi hafa batnað um 3,5% frá lágmarki. Þetta nægði þó ekki til þess að viðhalda ársmeðaltali kaupmáttar frá fyrra ári, ef miðað er við kaup-taxta. Hins vegar hafa að líkindum bæði launaskrið og aukin yfirvinna leitt af sér meiri aukningu tekna en sem nemur hækkun kaup-taxta. Tölur Kjararannsóknarnefndar sýna ótvírætt, að vinnutími hefur almennt verið lengri 1976 heldur en 1975. Í heild munu ráðstöfunartekjur heimilanna hafa hækkað milli árána 1975 og 1976 um nálægt 34%, en vísitala framfærslukostnaðar um 32%.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna fylgdu í flestu fordæmi hinna almennu kjarasamninga. Gerðu BSRB og BHM nýja samninga við ríkið, sem tóku gildi hinn 1. júlí og gilda til tveggja ára, þ.e. til 30. júní 1978, nema til uppsagnar hans komi, sbr. nýja löggjöf um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ákvæði þessara samninga um almennar launahækkunir og verðtryggingu voru hin sömu og í samningum ASÍ og að auki 4% grunnlaunahækkun 1. júlí 1977.

Kjarasamningar sjómanna höfðu það að megintilefni að breyta hlutaskiptum vegna endurskipulagningar og verulegs samdráttar sjóðakerfis sjávarútvegsins. Þessar breytingar fólu í sér, að Olíu-sjóður fiskiskipa var lagður niður og framlög úr Tryggingasjóði fiskiskipa lækkuðu um nærri helming, og leiddi það til þess, að unnt var að lækka útflutningsgjöld sjávarafurða úr 16—17% í 6% að hámarki. Ennfremur var fjárheimta til Stofnfjár-sjóðs fiskiskipa lækkuð úr 15% í 10% af heimalönduðum afla og úr 21% í 16% af löndunum erlendis. Við þessar breytingar kom mun meira til skila inn í skiptaverðmætið gagnvart sjómönnum. Samningaumleitanir strönduðu í verkfalli á bátafлотanum, er stóð víðast um land frá 14. febrúar til 2. marz. Komust þá á samningar, sem nokkrar breytingar voru gerðar á síðar (14. maí og 28. júlí) og skyldu þeir yfirleitt gilda til 15. maí 1977. Sum staðar fengust samningarnir ekki staðfestir í almennum atkvæðagreiðslum sjómannafélaga. Sökum þeirrar óvissu, sem varð við það um gildi og framkvæmd kjaranna, voru samningarnir



Verðþróun

staðfestir með setningu bráðabirgðalaga hinn 6. september. Í efnahagskreppunni á árunum 1974 og 1975 varð tilfinnanleg aukning atvinnuleysis í flestum löndum heims, án þess að verulega drægi úr verðhækkunum, og eiga mörg þeirra landa enn í miklum erfiðleikum með að draga úr fjölda atvinnulausra. Hér á landi varð hins vegar raunin sú, að efnahagssamdrátturinn hafði lítil sem engin áhrif á atvinnu fólks. Helzt voru áhrifin merkjanleg í minnkandi yfirvinnu á árunum 1974 og 1975 en til almenns atvinnuleysis kom ekki, og nam það aðeins 0,6% af heildarvinnuaflinu 1976, en sambærilegar tölur fyrir 1975 og 1974 eru 0,7% og 0,4%.


Verðvísitala þjóðarútgjalda ársins 1976 reyndist um 30% hærrí en ársins 1975, en sambærileg hækkun það ár var 48% og 43% 1974. Nokkuð hefur því miðað í baráttunni gegn verðbólgu, þó hvergi nærri eins mikið og að hefur verið stefnt og nauðsynlegt talið. Gagnstætt því sem var 1975, átti verðhækkun innflutnings fremur lítinn þátt í verðlagshækkunum á innlendum vettvangi. Af einstökum vöruflokkum hækkuðu landbúnaðarafurðir langmest í verði, meðal annars vegna minnkandi niðurgreiðslna á árinu. Verðhækkunir á öðrum innlendum vörum og þjónustu áttu einnig meiri þátt í heildarhækkun verðlags en árið á undan. Svo nánar sé vikið að þróuninni innan ársins mun vísitala framfærslukostnaðar hafa hækkað um nálægt 1% í janúarmánuði, frá 1. febrúar til 1. maí um 11,6%, frá 1. maí til 1. ágúst um 6,9%, frá 1. ágúst til 1. nóvember um 6,6% og frá 1. nóvember til áramóta um 3,1% (1. nóvember til 1. febrúar 1977 um 5,7%). Frá upphafi til loka ársins hækkaði framfærslukostnaður því um 32,5%. Þessar tölur eru í samhengi við það, sem sagt var um kaupmátt kaupaxta hér að framan, en verðhækkunir voru óvenju miklar á tímabilinu frá 1. febrúar til 1. maí, og áttu þær sér raunar flestar stað eftir 20. marz, enda voru í gildi hert verðlagsákvæði til þess dags (frá nóvember 1975). Eins og áður hefur komið fram, hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 32% að meðaltali á milli 1975 og 1976, en byggingarkostnaður hækkaði nokkru minna eða um 25%. Frá 1974 til 1975 hækkaði ársmeðaltal vísitölu framfærslukostnaðar um tæp 49% og frá 1973 til 1974 um 43%. Þrátt fyrir þessa hjöðnun verðbólgunnar er hún enn miklum mun meiri en í öllum nágrannalöndunum og langt fyrir ofan viðunandi mörk. Til fróðleiks má geta þess, að neytluvöruverðlag í aðildarlöndum OECD mun hafa hækkað um 7—8% á árinu 1976. Af einstökum löndum var ætlað, að neytluvöruverð hefði hækkað frá 1975 til 1976 um 15% í Bretlandi, tæp 5% í Vestur-Þýzkalandi, 11% í Frakklandi og 7% í Bandaríkjunum, svo dæmi séu nefnd.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISMÁL

Þróun í hagstæða átt

Svo sem alkunna er, var viðskiptajöfnuður og greiðslujöfnuður undanfarinna ára, einkum 1974 og 1975, mjög óhagstæður. Hefur það því verið meginmarkmið í stjórn efnahagsmála frá síðari hluta ársins 1974 að jafna viðskiptahallann og bæta stöðuna út á við. Á árinu 1976 náðist verulegur árangur í þessa átt. Viðskiptajöfnuðurinn varð óhagstæður um 4.390 m.kr., þar af vöru- skiptajöfnuður um 4.630 m.kr., en þjónustujöfnuður hagstæður á móti um 240 m.kr. Fjármagnsjöfnuður varð hagstæður um 7.695 m.kr., einkum vegna töku langra erlendra lána umfram afborganir. Greiðslujöfnuðurinn í heild varð því hagstæður um 3.350 m.kr. Eigi að síður var gjaldeyrisstaðan í árslok enn neikvæð um 403 m.kr. nettó. Heildarstaða þjóðarbúsins út á við versnaði á árinu um 11.900 m.kr. miðað við gengi í árslok og nam nettóskuld þá um 99.300 m.kr., eða sem svarar 39% af vergri þjóðarframleiðslu ársins. Hér er í öllum tilvikum um bráðabirgðatölur að ræða. Sé skyggnt nánar til grundvallaratriða, verður að meta viðskiptajöfnuðinn óhagstæðari en hér kemur fram, svo sem nánar verður að vikið.

Óhagstæður viðskiptajöfnuður



Árið 1975 varð viðskiptajöfnuður í heild, þ.e. jöfnuður vöru- og þjónustuviðskipta, óhagstæður um 21.380 m.kr., en árið 1976 óhagstæður um 4.390 m.kr., og því tæplega 17.000 m.kr. betri 1976. Er þá miðað við gengi hvors árs um sig. Breytingar á birgðum útflutningsvara og sveiflur á innflutningi sérstakra fjárfestingarvara höfðu veruleg áhrif á niðurstöðuna. Útflutningsvöru- birgðir minnkuðu um 1.224 m.kr. 1976, en 1975 nam aukning birgða 2.230 m.kr. Eru birgðabreytingar hvors árs þá metnar á meðalútflutnings- og innflutningsverði hvors árs, en í báðum tilvikum reiknað á meðalviðskiptagengi 1976. Ennfremur minnkuðu birgðir álbræðslu af innfluttum hráefnum um 550 m.kr. miðað við 1.972 m.kr. aukningu 1975. Sé viðskiptajöfnuður árána 1975 og 1976 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvöru- birgða ásamt breytingu á hráefnabirgðum álbræðslu og jafnframt reiknaður á meðalgengi 1976 í báðum tilvikum, reyndist við-

**Verðmæti
útflutningsframleiðslu**

skiptahallinn 20.034 m.kr. 1975 og 6.164 m.kr. 1976. Séu sveiflur í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara ennfremur jafnaðar milli ára miðað við þriggja ára meðaltal, fæst viðskiptahalli 20.369 m.kr. 1975 og 7.613 m.kr. 1976. Með þessum samanburði, sem tekur tillit til grundvallaratriða, fæst þannig mun minni endurbati og meiri viðskiptahalli árið 1976, eða sem svarar 3% af vergri þjóðarframleiðslu í stað 1,7% skv. beinu uppgjöri.

Gjaldeyrisverðmæti útflutningsframleiðslu jókst um 29,3% frá árinu áður. Mest var verðmætisaukningin í framleiðslu iðnaðarvara og áls eða rúm 34% hvort um sig. Framleiðsluverðmæti sjávarafurða jókst um 29%, en aukning framleiðslumagns sjávarafurða er áætluð 9,3%. Áætlað er, að útflutningsverðlag hafi hækkað um 18,3% í erlendum gjaldeyri og verðlag sjávarafurða sérstaklega um nánast um jafn mikið eða 18,2%.

**Aukning útflutnings-
verðmætis**

Heildarverðmæti útflutnings nam 73.500 m.kr. á árinu. Er um talsverða aukningu frá fyrra ári að ræða eða 36,7% umreiknað á meðalgengi ársins 1976. Mest varð verðmætisaukningin á útflutningi áls eða 116%. Aukning útflutningsverðmætis annarra vöruflokka nam 27%.

Útflutningur helztu vöruflokka

(Í m.kr. á meðalgengi ársins 1976)

	1972	1973	1974	1975	1976
Sjávarafurðir	26.394	37.798	43.614	42.319	53.368
Landbúnaðarafurðir	1.103	1.507	1.676	1.557	1.872
Iðnaðarvörur	7.822	11.394	11.588	9.130	16.986
þar af ál	5.819	8.747	8.493	5.720	12.364
Aðrar vörur	452	589	1.429	757	1.274
Útflutningur alls	35.771	51.288	58.307	53.763	73.500

Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu útflutnings á helztu vöruflokka sl. fimm ár og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til meðalgengis ársins 1976. Verðmæti sjávarafurða nam rúmum 73% af heildarverðmæti útflutnings en var 1975 tæp 79%. Það, sem einkum veldur þessari breytingu, er aukin hlutdeild áls í útflutningi eða tæp 17% miðað við rúm 10% 1975. Verðmæti annarra iðnaðarvara nam 6,2% og var það svipuð hlutdeild í heildarútflutningi og árið áður.

**Skipting útflutnings
á lönd**

Útflutningur til Bandaríkjanna nam 28,8% 1976 af heildarútflutningi, og er það svipað hlutfall og var 1975. Mest breyting varð á útflutningi til landa Efnahagsbandalagsins (EBE) en þar hækkaði hlutfallið úr 24,8% 1975 í 31,1% 1976. Hlutdeild landa Fríverzlunarsamtakanna (EFTA) jókst úr 19,2% 1975 í 20,8% 1976. Hlutur Sovétríkjanna í heildarútflutningi dróst mjög sam-

Útflutningsvörubirgðir

an, eða úr 10,6% 1975 í 5,5% 1976, og hlutur Austur-Evrópu-landa í heild úr 13,3% í 10,2%.

Eftirfarandi tafla sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, en umreiknað miðað við skráð gengi á bandarískum dollar í árslok 1976.

Útflutningsvörubirgðir

(Í m.kr. á gengi í árslok 1976)

	1972	1973	1974	1975	1976
Sjávarafurðir	2.848	5.433	7.684	6.478	9.359
Löndbúnaðarafurðir	648	1.043	549	1.075	1.084
Kísilgúr	43	27	11	84	67
Ál	1.479	927	1.544	3.601	2.695
Alls	5.018	7.430	9.788	11.238	13.205

Þróun innflutnings



Meðfylgjandi tafla sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1975 og 1976, skipt á olíuinnflutning og annan almennan innflutning, þar sem tölur viðkomandi mánaða hafa verið umreiknaðar á meðalgengi desembermánaðar 1976 skv. vísitölu meðalgengis.

Almennur innflutningur

(C.i.f.-verð í m.kr. á meðalgengi í des. 1976)

	1975		1976		Hlutfallsleg % breyting f. f. ári	
	Annar alm.		Annar alm.		Annar alm.	
	Olía	innflutn.	Olía	innflutn.	Olía	innflutn.
Janúar	262	5.045	831	4.064	217,2	-19,5
Febrúar	1.404	2.427	1.041	2.988	-25,9	23,1
Marz	997	6.422	1.206	5.671	21,0	-11,7
Apríl	884	4.985	860	4.487	-2,7	10,0
Mái	683	5.472	959	5.954	40,4	8,8
Júní	549	4.642	597	6.028	8,7	29,9
Júlí	986	5.645	1.163	4.946	18,0	-12,4
Ágúst	759	4.246	353	5.377	-53,5	26,6
Sept.	898	5.158	1.314	5.706	46,3	10,6
Okt.	1.119	5.942	732	5.612	-34,6	-5,6
Nóv.	985	5.412	1.001	5.741	1,6	6,1
Des.	1.600	3.818	955	5.854	-40,3	53,3

	1975		1976		Hlutfallsleg % breyting f. f. ári	
	Annar alm.		Annar alm.		Annar alm.	
	Olía	innflutn.	Olía	innflutn.	Olía	innflutn.
Jan.-marz ..	2.663	13.894	3.078	12.723	15,6	-8,4
Apr.-júní ..	2.116	15.099	2.416	16.469	14,2	9,1
Júlí-sept. ..	2.643	15.049	2.830	16.029	7,1	6,5
Okt.-des.	3.704	15.172	2.688	17.207	-27,4	13,4
Jan.-des.	11.126	59.214	11.012	62.428	-1,0	5,4



Árangur þeirrar stefnu að draga úr innflutningi kom einkum fram í 11,7% minnkun á innflutningi sérstakra fjárfestingarværa 1976. Þar er um að ræða áframhaldandi samdrátt í skipa-innflutningi, en samanlagður skipa- og flugvélainnflutningur varð rúmlega 3.300 m.kr. lægri 1976 en 1975. Á móti kemur stóraukinn innflutningur vegna Kröfluvirkjunar 1976, eða um 2.250 m.kr. aukning. Verðmæti almenns innflutnings jókst um 4,4% 1976. Verðmæti olíuinnflutnings dróst saman um 1%, en verðmæti annars almenns innflutnings jókst um 5,4%. Þegar tölur um olíuinnflutning eru skoðaðar nánar, kemur í ljós, hve mjög hefur tekizt að draga úr olíunotkun. Frá 1973 hefur stöðugt dregið úr olíuinnflutningi og nemur samdrátturinn 25,3% miðað við magn tölur 1973 og 1976. Skipting innflutnings eftir notkun var þessi 1976: neysluvörur 31,4%, rekstrarvörur 36,3%, fjárfestingarvörur 32,3%.


Skipting innflutnings á lönd

Engar stórvægilegar breytingar urðu á skiptingu innflutnings á lönd miðað við árið áður. Hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins nam 43,4%, en hlutdeild landa Fríverzlunarsamtakanna 18,6%. Hlutur Bandaríkjanna í heildarinnflutningi nam 10,5% og Austur-Evrópu 13,8%

Vöruskiptajöfnuður

Samkvæmt bráðabirgðatölum greiðslujafnaðar varð vöruskiptajöfnuður óhagstæður um 4.630 m.kr. 1976, en var óhagstæður um 23.350 m.kr. 1975 umreiknaður á meðalgengi ársins 1976. Samkvæmt því er vöruskiptajöfnuðurinn 18.720 m.kr. hagstæðari 1976 en 1975. Þessi bati er að nokkru leyti að þakka mun hagstæðari álviðskiptum, sbr. birgðabreytingarnar svo og minni innflutningi á sérstökum fjárfestingarvörum.

Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum, tryggingum, vaxtagreiðslur, tekjur af viðskiptum við




Þjónustujöfnuður

varnarliðið o.fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað, að þjónustutekjur hafi numið 32.020 m.kr. 1976, en þjónustugjöld 31.780. Er þjónustujöfnuður þá hagstæður, sem nemur 240 m. kr. miðað við meðalviðskiptagengi ársins. Á samsvarandi gengi var þjónustujöfnuður 1975 óhagstæður um 884 m.kr. Með gjöldum 1976 eru talin gjöld vegna álbræðslu 2.335 m.kr., en voru 2.385 m. 1975. Af einstökum liðum þjónustujafnaðar vegur samgönguliðurinn þyngst eða 38% gjaldamegin og 53% tekjumegin. Hagstæðan þjónustujöfnuð nú má einkum rekja til tekjuaukningar samgangna, og vega þar þyngst auknar tekjur af flugi. Á ferða- og dvalarkostnaðarliðnum er aðeins talinn til tekna sá hluti tekna af erlendum ferðamönnum, sem skilað er til banka, þar með taldar tekjur frihafnar á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar eru fargjöld, sem erlendir ferðamenn greiða fyrir ferðir með íslenskum farartækjum milli landa, talin í samgöngulið og eru mikilvægur hluti hans. Með gjöldum vegna ferðalaga er talinn náms- og sjúkrakostnaður. Þessir tveir liðir námu 1.010 m.kr. 1976, þar af var námskostnaður 929 m.kr. Vaxtaútgjöld jukust um 2.068 m.kr. 1976 miðað við árið áður, en þær höfðu aukizt um rúmar 1.500 m.kr. 1975. Tekjur af varnarliði jukust um 1.440 m.kr. 1976 miðað við 1975.

Frömlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarfrömlög til alþjóðastofnana og gjafafé urðu hagstæð um 45 m.kr. nettó.

Fjármagnshreyfingar

Helstu liðir fjármagnsjafnaðar eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðsla slíkra lána, stutt vörukaupalán, ógreiddur útflutningur og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Af erlendum lánum til eins árs og lengri tíma voru alls notaðar 18.985 m.kr., þar af námu lántökur einkaaðila 3.330 m.kr., að



mestu leyti vegna skipa- og flugvélaþinga. Lántökur opinberra aðila, þ.e. ríkissjóðs, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og bæjar- og sveitarfélaga námu alls 10.240 m.kr. Lántökur lánastofnana námu 5.415 m.kr. Ítarleg skipting lána eftir notendum kemur fram í kaflanum um lánamarkaðinn hér á eftir. Endurgreiðslur af föstum lánum námu alls 8.235 m.kr., sem skiptast þannig, að endurgreiðslur af einkalánunum voru 2.945 m.kr., af lánunum opinberra aðila 2.805 m.kr. og af lánunum lánastofnana 2.485 m.kr. Samkvæmt framangreindum hreyfingartölum, sem unreiðnaðar hafa verið úr erlendri mynt í íslenskar krónur skv. meðalviðskiptagengi ársins, jukust föst erlend lán einkaaðila um 385 m.kr., opinberra aðila um 7.435 m.kr. og lánastofnana um 2.930 m.kr. Hafa því heildarskuldir þjóðarbúsins í formi fastra lána hækkað um 10.750 m.kr. 1976. Stutt vörukaupalán innflytjenda jukust um 1.850 m.kr. og ógreiddur útflutningur um 950 m.kr. Þeir liðir, sem stöðutölur eru gerðar upp fyrir, sbr. 10. töflu í viðauka um stöðu þjóðarbúsins út á við, hafa þannig í för með sér fjármagnsinnstreymi og aukna nettóskuld að fjárhæð 11.650 m.kr. á meðalgengi ársins. Auk þess koma til skjalanna ýmsar stuttar fjármagnshreyfingar og hreyfingar einkafjármagns, sem fela í sér nettóútstreymi að fjárhæð 3.955 m.kr. Í heild nam nettóinnstreymi á fjármagnsjöfnuði þannig 7.695 m.kr. Af fjármagnshreyfingum án stöðuuppgjörs mótsvara birgðabreytingar ÍSALS um 2.500 m.kr.

Meðfylgjandi tafla sýnir bráðabirgðayfirlit helstu þátta greiðslujafnaðarinnar 1976, þar sem einnig eru tilgreindar tölur fyrir árið 1975. Til þess að auðvelda samanburð milli ára hafa tölur ársins 1975 verið umreiðnaðar til meðalviðskiptagengis ársins 1976.

Greiðslujöfnuður við útlönd

(Í m.kr. á meðalgengi 1976)

	1975	1976
Innfluttar vörur, f.o.b.	-77.115	-78.130
Útfluttar vörur, f.o.b.	53.765	73.500
Vöruskiptajöfnuður	-23.350	-4.630
Þjónustujöfnuður	-885	240
Viðskiptajöfnuður	-24.235	-4.390
Framlög án endurgjalds	-110	45
Fjármagnsjöfnuður	18.900	7.695
Heildargreiðslujöfnuður	-5.445	3.350

Á 4. töflu aftast í skýrslunni er nánara yfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á árunum 1972—1976, og á 5. töflu er ársfjórðungslegt yfirlit um greiðslujöfnuð 1975 og 1976.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna sl. þrjú ár. Tölur í þessu yfirliti eru umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1976 og eru því á sambærilegu

†


Gjaldeyrisstaða bankanna

(Í m.kr. á gengi í árslok 1976)

	1974	1975	1976
Seðlabankinn			
Gjaldeyrisforði	8.334	8.749	15.261
Skuldir í frjálsum gjaldeyri	-4.636	-11.782	-17.059
Vöruskiptareikningar, nettó	-1.889	-1.902	—
Viðskiptabankar, nettó	558	1.102	1.395
Gjaldeyrisstaða bankanna, nettó	2.367	-3.833	-403

Í marz 1976 fékk Seðlabankinn viðbót við svokallað olíulán að fjárhæð 13,6 milljónir eininga sérstakra dráttarréttinda (SDR), en þau lán veitir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þátttökuríkjum sínum til þess að mæta hluta af þeirri rýrnun gjaldeyrisforðans, sem stafar af hækkuðu olíuverði. Einnig tók Seðlabankinn jöfnunarlán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að upphæð 11,5 milljónir eininga SDR í marz 1976, en það lán er veitt til að jafna sveiflur í verðmæti útflutningsafurða. Samtals nam skuld Seðlabankans við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í árslok 1976 62,2 milljónum SDR eininga, þar af 39,2 milljónir vegna olíulána. Upphæð þeirra lána, sem tekin voru 1976 og höfðu bætandi áhrif á gjaldeyrisstöðuna, nam 9.885 m.kr., en um vaxtagreiðslur og afborganir erlendra lána, sem fóru í gegnum bankakerfið, eru ekki fyrir hendi sundurliðaðar upplýsingar, en ljóst er, að upphæðin var talsverð.

Gjaldeyrisstaðan



**Bætt afkoma
ríkissjóðs**

FJÁRMÁL RÍKISINS

Eftir stórfelldan greiðsluhalla ríkissjóðs árin 1974 og 1975 urðu mikil umskipti til hins betra í þróun ríkisfjármála árið 1976. Metin á kvarða greiðsluafkomu skv. skilgreiningu ríkisbókhalds námu hagstæð umskipti milli árana 1975 og 1976 tæpum 7.600 m.kr., en nokkru meiru, sé litið til tekjuafgangs. Greiðslujöfnuður í þessum skilningi felur í sér skammtíma skuldaskipti við ýmsa ríkisaðila utan ríkissjóðs svo og við eiginlega viðskiptamenn, og er ekki að fullu ljóst, hver vera muni hagræn áhrif þeirra skuldaskipta. Á þrengri mælikvarða greiðslubreytinga við Seðlabankann nam hagstæð breyting um 4.700 m.kr. skv. tölum ríkisbókhalds.

Við þau efnahagsskilyrði, sem ríktu á árinu 1976 og voru að miklu leyti fyrirsjáanleg við upphaf ársins, var ekki aðeins talið nauðsynlegt að jafna rekstrarhalla og greiðsluhalla ríkissjóðs, heldur beinlínis að grynna á skuldum og bæta fjárhagsstöðuna, einkum gagnvart Seðlabankanum, og veita með því nokkurt mótvægi gegn vaxandi þensluáhrifum frá endurbata utan að og tryggja um leið peningaleg skilyrði bætts greiðslujafnaðar út á við. Hin hagstæðu umskipti náðu þó ekki svo langt, að þetta reyndist kleift, heldur hélt staðan gagnvart Seðlabankanum áfram að versna nokkuð. Skýrist það einkum af því, að óhjákvæmilegt reyndist að bæta stöðuna við ýmsa viðskiptaaðila, einkum Viðlagasjóð, Olíusjóð fiskiskipa og Tryggingastofnun vegna sjúkra-trygginga, en staðan við viðskiptaaðila hafði versnað árin á undan. Versnun stöðunnar við Seðlabankann er þannig óbein afleiðing hins mikla rekstrarhalla árin á undan, sem þá fékk ekki fulla framrás í mynd versnandi stöðu við bankann.

Þótt ótryggt sé að draga ályktanir af fyrirliggjandi bráðabirgðatölum, má telja, að ríkisfjármálin hafi haft væg þensluáhrif. Þau voru talsverð framan af árinu, en þróunin snerist við undir lok ársins, svo að bilinu var nánast lokað. Sé ennfremur litið til hlutfalls ríkisútgjalda af vergri þjóðarframleiðslu, hefur það lækkað verulega milli árana 1975 og 1976. Samkvæmt bráðabirgða-

Nokkrar yfirlitstölur

tölum beggja áraanna á greiðslugrunni hefur ríkisbúskapurinn þannig haft lítil þensluáhrif á árinu 1976 að tiltölu við aðra geira þjóðarbúskaparins.

Ríkisreikningur fyrir árið 1976 hefur ekki verið lagður fram, þegar þetta er ritað, og hefur því verið stuðzt við bráðabirgða-uppgjör ríkisbókhalds, sem grein hefur verið gerð fyrir á Alþingi. Tölurnar sem hér birtast um fjármál ríkisins, eru því bráðabirgðatölur, en frávik þeirra frá endanlegum tölum verður að líkindum lítil.

Tekjur ríkissjóðs á árinu 1976 námu 68.310 m.kr. og gjöld 68.447 m.kr. Rekstrarhalli ársins var því 137 m.kr., en var 8.234 m.kr. á árinu 1975, og er þá miðað við innheimtar tekjur og greidd útgjöld (greiðslugrunn). Rekstrarhallinn nam því aðeins 0,2% af innheimtum tekjum ársins 1976, en sambærileg tala fyrir 1975 var 16,7%. Nettóinnstreymi á lánahreyfingum við aðra aðila en Seðlabankann nam 1.163 m.kr., þannig að á árinu varð greiðsluafgangur að upphæð 1.026 m.kr. Á árinu 1975 varð hins vegar greiðsluhalli að upphæð 6.548 m.kr. Svo sem taflan hér á eftir sýnir, má í aðalatriðum greina þessa greiðsluniðurstöðu í þrennt. Greiðsluhreyfingar við Seðlabankann sýndu halla að upphæð 837 m.kr., til samanburðar við 5.531 m.kr. árið áður. Á móti kom bætt staða við ýmsa viðskiptamenn, svo nam 1.606 m.kr., en hafði versnað um 1.044 m.kr. árið áður, og loks lítills háttar breytingar sjóðs og banka utan Seðlabanka, um 257 m.kr. Er hér stuðzt við skilgreiningu greiðslujafnaðar skv. reglum ríkisreiknings, en uppstilling, sem miðast við jöfnuð gagnvart bankakerfinu, kemur fram í 12. töflu í viðauka.

Reikningstölur Seðlabankans sýna auknar kröfur á ríkissjóð að fjárhæð 1.068 m.kr., að frátalinni gengisuppfærslu lána, en þar hafa endurlánuð löng erlend lán verið tekin út úr, og 1.711 m.kr.

Yfirlit yfir fjármál ríkisins

(Á greiðslugrunni í m.kr.)

	1974	1975	1976 ¹⁾
1. Tekjur	35.784	49.343	68.310
2. Gjöld	40.289	57.577	68.447
3. Rekstrarafgangur/halli (—) (1—2) ..	—4.505	—8.234	—137
4. Lánahreyfingar utan Seðlabanka	787	1.685	1.163
5. Greiðsluafgangur/halli (—) (3+4— 6+7+8)	—3.718	—6.548	1.026
6. Greiðsluhreyfingar við Seðlabanka	—3.514	—5.531	—837
7. Ýmsir viðskiptamenn	—327	—1.044	1.606
8. Sjóður og bankareikningar utan Seðlab.	123	27	257

Fjárlög 1976

Aðgerðir á sviði ríkisfjármála

28

aukningu, séu ríkisstofnanir teknar með. Nánar er greint frá þessu í kaflanum um bankakerfið.

Á allra síðustu árum hefur hlutur beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs minnkað talsvert og hlutur óbeinna skatta vaxið að sama skapi. Þannig námu tekjur af beinum sköttum samkvæmt ríkisreikningi ríflega fjórðungi heildartekna ríkissjóðs á árunum 1972 og 1973, en ekki nema tæpum 16% á árinu 1975. Frekari minnkun virðist samt ekki hafa orðið, ef dæma má af bráðabirgðatölum fyrir 1976, og í fjárlögum fyrir 1977 er gert ráð fyrir svipuðu hlutfalli og 1975 og 1976.

Með fjárlögum ársins 1976 voru gerðar nokkrar breytingar á álagningu skatta, einkum óbeinna skatta. Viðlagasjóðsgjaldið, 2% á söluskattstofn, var fellt inn í almenna söluskattinn frá ársbyrjun, og varð hann við það 19%, auk hins sérstaka 1% gjalds í olíuhitunarsjóð. Hlutur sveitarfélaga í söluskatti var aukinn úr 6,1% í 7,5% til að mæta auknum skyldum þeirra. Gildistími sérstaka vörugjaldsins, sem innleitt var á miðju ári 1975, var framlengdur út árið 1976, en það lækkað úr 12% í 10% frá ársbyrjun, og skyldi það enn lækka í 6% í september. Þá komu til framkvæmda tollalækkanir vegna aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samninga við Efnahagsbandalag Evrópu. Á sviði beinna skatta var ákveðið að margfalda fasteignamat upp 2,7-falt og eignarskattur þar með u.þ.b. tvöfaldaður, og skattvísitala var hækkuð um 25% til samræmis við áætlaða tekjuhækkun 1975. Í sambandi við breytta skipan á greiðslu sjúkrakostnaðar var sveitarfélögum heimilað að leggja 1% sjúkratryggingagjald á skattskyldar persónutekjur. Helztu breytingar í útgjaldahlíð fjárlaga voru þær, að stefnt var að töluvert minni niðurgreiðslum en áður.

Í heild gerðu fjárlögin ráð fyrir tekjum að fjárhæð 60.342 m.kr., gjöldum að fjárhæð 58.857 m.kr. og þannig tekjuafgangi, er næmi 1.485 m.kr. Alls var gert ráð fyrir 1.113 m.kr. halla á lánahreyfingum, og var því greiðsluafgangur áætlaður 372 m.kr. Áður en fjárlög ársins voru endanlega samþykkt á Alþingi var lögð fram í fyrsta skipti lánsfjáráætlun fyrir komandi fjárlagaár. Í henni var ítarlega fjallað um uppruna og ráðstöfun lánsfjár á öllum sviðum efnahagslífsins, þar á meðal lánsfjármögnun opinberra framkvæmda. Í lok kaflans verður nánar greint frá þessum þætti og gerður samanburður á áætlunum og útkomu ársins, þ.e. að því er lýtur að opinberum framkvæmdum.

Í febrúar var framlengt ákvæðið um, að tekjum af einu söluskattstigi skyldi varið til jöfnunar á hitunarkostnaði til febrúarloka 1977. Ennfremur var lagður sérstakur skattur á brennslu- og díselolíu til að mæta niðurfellingu söluskatts á olíu til fiski-

skipa, og voru áætlaðar árlegar tekjur af þessum tekjustofni 580 m.kr. Flugvallaskattur var lögfestur til frambúðar og lækkaður, og er ætlað að tekjur af honum hafi numið um 225 m.kr. á árinu. Í marz var útsöluverð á áfengi og tóbaki hækkað um 15% og í apríl voru niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum lækkaðar í samræmi við ákvæði fjárlaga og nam áætluð gjaldaminnkun 580 m.kr.

Í maíbyrjun voru á Alþingi samþykkt lög um fjáröflun til landhelgisgæzlu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga. Tilfni laganna var m.a. endurskoðun greiðsluáætlana ríkissjóðs til samræmis við tekju- og verðlagsþróun, en fjárlög höfðu almennt verið miðuð við laun og verðlag í desember 1975. Helztu atriði laganna voru, að fallið var frá fyrirhugaðri lækkun vörugjaldsins í september og það hækkað úr 10% í 18% fyrir tímabilið frá 5. maí til ársloka. Áætlaður tekjuauki af þessum sökum var 1.600 m.kr. Í öðru lagi voru með lögnum takmarkaðar persónuafsláttargreiðslur ríkissjóðs, og var áætlaður tekjuauki vegna þess 300 m.kr. Í þriðja lagi voru ákvæði frá 1975 um sérstakan skyldusparnað hjá öllum tekjuskattskyldum mönnum upp að 67 ára aldri framlengd um eitt ár. Skyldusparnaðurinn nemur 5% af skattgjaldstekjum umfram ákveðin lágmark. Áætlað er, að álagður skyldusparnaður 1976 hafi skilað ríkissjóði allt að 340 m.kr. Í fjórða lagi var ríkissjóði heimilað að ábyrgjast lántökur sveitarfélaga vegna orkuframkvæmda á árinu, allt að 500 m.kr. Með þessum breytingum var áformað að auka tekjur ríkissjóðs upp í 66.562 m.kr. til þess að mæta áætlaðri hækkun útgjalda upp í 65.537 m.kr., auk minni háttar breytinga á lánahreyfingum og greiðsluafkomu.

Samkvæmt þeim bráðabirgðatölum, sem fyrir liggja, fóru tekjur ársins 1976 rúmlega 13% (7.967 m.kr.) fram úr áætlun fjárlaga og gjöld um 16% (9.590 m.kr.). Að meginhluta fólust þessar hækkunir þó þegar í endurskoðun áætlana og ráðstöfunum, sem gerðar voru í maímánuði. Af einstökum tekjuliðum má nefna, að tekju- og eignarskattar gáfu um 10% meira af sér en áætlað hafði verið í fjárlögum, almenn aðflutningsgjöld 17% og innflutningsgjöld af bifreiðum 52%. Tekjur af söluskatti fóru 10% fram úr áætlunum fjárlaga og tekjur af sérstöku vörugjaldi 63%. Eins og þegar hefur komið fram, var fallið frá fyrirhugaðri lækkun vörugjalds og það hækkað þess í stað. Ef tillit er tekið til áætlaðs tekjuauka vegna hækkunarinnar (1.600 m.kr.), virðist vörugjaldið hafa fært ríkissjóði minni tekjur en ætlað var. Rekstrarhagnaður Á.T.V.R. stóðst að heita má áætlun, var að eins tæplega 1% meiri en tilgreint var í fjárlögum.

Samanburður við fjárlög

Samanburður við 1975

Sé litið til gjaldaliða, má nefna, að útgjöld vegna almennrar stjórnar og löggæzlu fóru um 40% fram úr áætlun, til fræðslu-, menningar- og kirkjumála 19%, en útgjöld vegna heilbrigðismála námu því sem næst áætlaðri upphæð. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir urðu 32% hærri en gert var ráð fyrir. Útgjöld til vegamála fóru 24% fram úr áætlun og útgjöld til tryggingamála 15%. Allir aðrir helztu útgjaldaliðir voru hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir, ef frá eru talin útgjöld til iðnaðar- og orkumála, en þau urðu 12% lægri en fjárlög sögðu til um.

Samanburður ríkisútgjalda 1975 og 1976 sýnir, að heildargjöld hafa aukizt um 28%, miðað við bráðabirgðauppgjör í báðum tilvikum, en eins og áður hefur komið fram, hækkaði fjárhæð vergrar þjóðarframleiðslu um 37%, þannig að hlutur ríkisútgjaldanna hefur dregizt nokkuð saman. Mjög litlar breytingar urðu á hlutfallslegri skiptingu gjalda á helztu gjaldaflokka, og má e.t.v. helzt nefna niðurgreiðslur, en hlutur þeirra minnkaði nokkuð, því eins og vikið var að hér að framan, var töluvert dregið úr niðurgreiðslum á árinu. Af einstökum gjaldaliðum má nefna, að útgjöld vegna sjávarútvegsmála jukust um tæp 40% frá 1975 til 1976, til húsnæðis- og félagsmála um 38% til fræðslu-, menningar- og kirkjumála og vegna utanríkisþjónustu um tæp 30%. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækkuðu um rúm 8%, en útgjöld vegna iðnaðar- og orkumála lækkuðu um tæp 2% og niðurgreiðslur á búvöru um rúm 4%. Teknamegin skiluðu tekju- og eignaskattar um 40% meiru en árið á undan og óbeinir skattar í heild 37%. Tekjur af vörugjaldi hækkuðu um 22%, og er í því sambandi rétt að minna á það, sem þegar hefur komið fram, að vörugjaldið var hækkað verulega á árinu og var auk þess ekki lagt á fyrr en á miðju ári 1975. Tekjur af sölu-skatti jukust um 38%, af almennum aðflutningsgjöldum um 23% og rekstrarhagnaður Á.T.V.R. jókst um 24%. Alls voru tekjur um 42% hærri en 1975.

Dáttur samneyzlu

Í kaflanum um framleiðslu, tekjur og verðlag hér að framan var nefnt, að samneyzlan hefði að raungildi því sem næst staðið í stað frá 1975 til 1976. Samneyzlan er hins vegar ekki nema hluti ríkisútgjaldanna, auk samsvarandi hluta útgjalda sveitarfélaga, þar sem undir hana falla aðeins bein kaup hins opinbera á vöru og þjónustu, önnur en til fjárfestingar.

Á hinn bóginn flokkast það fé, sem hið opinbera fær einkaaðilum, einstaklingum og/eða fyrirtækjum til ráðstöfunar, undir tilfærslur. Dæmi um tilfærslur eru framlög hins opinbera til almannatrygginga, niðurgreiðslur og útflutningsbætur, svo og framlög milli opinberra aðila, t.d. frá ríki til sveitarfélaga. Um tveir þriðju hlutar samneyzlunnar eru laun opinberra starfs-


manna, en aðrir helztu þættir hennar eru kaup á vöru og þjónustu, auk viðhalds og afskrifta opinberra bygginga og mannvirkja. Á síðustu árum hefur samneyzlan að jafnaði numið 26—28% af heildarútgjöldum hins opinbera, fjárfesting 14—15% en afgangurinn, nálægt 60%, hefur flokkast undir tilfærslur. Hagræn flokkun ríkisútgjalda hefur enn ekki verið samræmd að fullu við meðferð þeirra í þjóðhagsreikningum. Hlutfallstölur ríkisútgjalda munu þó falla nærri því, sem að ofan greinir, þó þannig að fjárfesting sé minni, en á móti koma tilfærslur til fjárfestingar sveitarfélaga.

Samneyzlan hefur um langt árabil verið nokkuð stöðugt hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, eða um 9—10%. Hlutfallsleg aukning umsvifa hins opinbera hefur því ekki haft teljandi áhrif til aukinnar samneyzlu, heldur fyrst og fremst komið fram í aukinni fjárfestingu og tilfærslum.

Samkvæmt reynslu fyrri ára hefur greiðsluflæði ríkissjóðs verið nokkuð árstíðabundið. Gjöld hafa að vísu dreifzt fremur jafnt á árið, en hafa samt verið ögu meiri á síðari helmingi ársins en hinum fyrri. Hins vegar er tekjuinnstreymi að jafnaði hlutfallslega lítið fyrri hluta árs, eykst þegar á árið liður og nær hámarki á síðustu mánuðum ársins, og þá einum í desember. Á árunum 1974 og 1975 brá hins vegar svo við, að tekjur og gjöld dreifðust með mjög líkum hætti yfir árin. Orsakir þessa hafa væntanlega verið sérstakar aðgerðir á sviði ríkisfjármála bæði þessi ár, auk þess sem ör verðbólga mun hafa skekkt dreifingu gjalda yfir árið og rýrt gildi eftir á greiddra tekna. Á árinu 1976 virðist hins vegar svo sem fyrri sveifla hafi gert vart við sig á ný. Á fyrri helmingi ársins innheimtust 42% tekna ársins í heild og 46,5% gjalda féllu til greiðslu. Sambærilegar tölur fyrir 1975 voru 42,4% og 43%. Á súluriti á blaðrönd má sjá dreifingu tekna og gjalda á ársfjórðunga 1975 og 1976. Vegna frekar lítills tekjuinnstreymis framan af ári hefur nú um nokkurra ára skeið verið gripið til útgáfu ríkisvíxla í upphafi hvers árs í þeim tilgangi að fjármagni árstíðabundna fjárþörf ríkissjóðs.

Meðfylgjandi tafla sýnir, hvernig lánsfjáráætlun ríkisframkvæmda hefur komið til endurskoðunar og framkvæmdar. Frestun framkvæmda við járnblendiverksmiðju olli því, að 588 m. kr. voru færðar til orkuframkvæmda og 130 m. bætt við almenna lántöku í stað vörukaupaláns. Auk þess urðu fleiri breytingar. Framkvæmdir á Grundartanga frestuðust enn, vegagerð 17 m.kr. og hafnargerð 50 m.kr., en lán til landshafna eru aftur á móti ofgreidd um rúmar 10 m. kr. Auk lánsfjár til vegagerðar, sem hér er tilgreint, rann sérstakur skyldusparnaður til þeirra framkvæmda, álagður um 338 m.kr. Vörukaupalán voru upphaflega

Árstíðasveifla



Lánsfjármögnun ríkisframkvæmda

áætluð 2.030 m.kr. Þar af var 130 m.kr. breytt í almennt lán og 600 m.kr. vegna flugvélakaupa Landhelgisgæzlu frestuðust til 1977. Kröfluvirkjun hefur tekið 1.265 m.kr. lán vegna vélasamstæðu og 118 m.kr. vegna tækja, en RARIK hefur tekið 77 m.kr. vörukaupalán og 162 m.kr. lán fyrir milligöngu Landsbankans í stað vörukaupalána. Sem vörukaupalán eða hliðstætt þeim voru þannig teknar 1.622 m.kr. af þeim aðilum, sem áætlunin tók til. Lántaka Landsvirkjunar var utan áætlunar, en átti samleið með lántöku ríkissjóðs, að því marki, sem hér greinir.

Lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir 1976 í m.kr.

	<i>Lánsfjáráætlun</i>		
	<i>Upphafleg</i>	<i>Endurskoðuð</i>	<i>Framkvæmd</i>
<i>Ráðstöfun:</i>			
<i>A-hluti fjárlaga</i>	1.524	1.547	1.490
Vegagerð almenn	1.050	1.050	1.050
— á Grundartanga	—	23	6
Landshafnir	310	310	320
Hafnargerð við Grundartanga	50	50	—
Þangverksmiðja	80	80	80
Orkustofnun v/jarðhitarannsókna	34	34	34
<i>B-hluti fjárlaga</i>	6.216	6.323	6.568
RARIK, almennar framkvæmdir	1.608	1.608	1.608
— v/Bessastaðarárvirkjunar	—	25	25
Sveitarafvæðing	150	150	150
Norðurlína	578	852	852
Kröfluvirkjun:	2.865	3.261	3.417
a. Stöðvarhús og vélar	(1.694)	(1.694)	(1.850)
b. Borholur og aðveitukerfi	(600)	(996)	(996)
c. Lína Krafla—Akureyri og aðveitust.	(571)	(571)	(571)
Jarðboranir ríkisins	40	40	40
Járblendiverksmiðja	975	387	476
Ríkissjóður, alls	7.740	7.870	8.058
Landsvirkjun			1.200
Ráðstöfun fjár 1976			9.258
Óafgreitt í árslok			—59
V. bráðabirgðafjármögnun 1975			314
Fjármagnað á árinu, alls			10.013
<i>Fjáröflun:</i>			
<i>Innlend lán</i>	2.920		3.010
Sala spariskírteina	1.400		900
Sala happdrættisbréfa			413
Innheimtufé spariskírteina	1.520		1.697
<i>Erlend lán</i>	4.820		6.978
Alþjóðabankalán	225		242
Önnur erlend lán	4.595		5.992
Bráðabirgðalán f. milligöngu Seðlabanka	—		744
Breytt reikningsstaða (rýrð)	—		25
Fjáröflun, alls	7.740		10.013

PENINGAMÁL

Á árinu 1976 var stefnan í peningamálum í fyrsta skipti ákveðin innan ramma heildaráætlunar um lánsfjármarkaðinn, sem lagður var með lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Með aðhaldssamri útlánastefnu og hækkun vaxta var að því stefnt að draga úr viðskiptahalla og verðbólgu, efla stöðu innlánsstofnana og auka ráðstöfunarfé þeirra. Ekki náðist tilætlaður árangur á öllum þessum sviðum, en hagstæð breyting varð þó í viðskiptajöfnuði og þróun sparifjár. Enn vantar mikið á að gjaldeyrisstaðan sé traust, en batinn á árinu 1976 svarar til þriðjungs þeirrar rýrnunar, er varð á næstu tveim árum á undan, mælt á skráðu viðskiptagengi. Batinn stafar fyrst og fremst af hækkun útflutningsverðlags, en hærri raunvextir innanlands eiga tvímælalaust sinn þátt í því, að gjaldeyriseyðsla dróst saman um leið og sparifé jókst verulega. Raungildi sparifjár hækkaði lítilsháttar (0,8%), en það hafði rýrnað samtals um 30% næstu þrjú ár á undan. Mikil umskipti til hins betra urðu í greiðslujöfnuði ríkissjóðs á árinu, en þó vantaði allmikið á að tilætlaður árangur næðist, einkum gagnvart Seðlabankanum. Útlánaaukning innlánsstofnana fór einnig nokkuð fram úr settu marki, en hvort tveggja dró úr aðhaldi að þróun almennrar eftirspurnar.

Lánsfjáráætlun

Í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar 1976 var sú stefna mörkuð í málum lánamarkaðarins, að framboð lánsfjár skyldi byggjast á innlendum sparnaði í ríkari mæli en verið hafði í þeim tilgangi að bæta stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Mjög skyldi dregið úr peningaústreymi úr Seðlabankanum, einkum er varðaði viðskipti ríkissjóðs við bankann. Skyldi ríkið bæta stöðu sína við bankann um 1.400 m.kr., en á þrem undangengnum árum rýrnaði staðan samtals um 10 milljarða króna. Jafnframt var að því stefnt, að lausafjárstaða innlánsstofnana versnaði ekki á árinu, en flestir viðskiptabankar stofnuðu til mikilla yfirdráttarskulda við Seðlabankann á árunum 1974 og 1975. Í samræmi við þessa stefnu þurfti að tryggja ríkissjóði verulegan tekjuauka og voru fjárlög við það miðuð, auk þess sem sett voru lög í maí, sem

Gjaldeyriviðskipti Seðlabanka



tryggðu ríkissjóði enn meiri tekjur eftir að ljóst var að kostnaður við landhelgisgæzlu, fiskvernd og orkumál færi fram úr áætlun. Umframefitirspurn eftir gjaldeyri árin 1974 og 1975 hafði mikil samdráttaráhrif á lausafjárstöðu innlánsstofnana og peningamyndun, og vó þannig gegn þensluáhrifum yfirdráttarlána hjá Seðlabankanum. Árið 1976 snerist þessi þróun við, og gjaldeyriskaup Seðlabankans umfram gjaldeyrissölu námu samtals 2.909 m.kr., reiknað á skráðu viðskiptagengi. Bati utanríkisviðskipta varð meiri en við var búizt í upphafi ársins, og því mikilvægt, að á móti kæmi batnandi staða ríkissjóðs og annarra viðskiptaðila Seðlabankans til að veða á móti þensluáhrifum nettógjald-eyriskaupanna. Þetta tókst ekki, að því er varðar ríkissjóð sjálfan, en hins vegar batnaði staða sjóða í opinberri vörzlu og fjárfestingarlánasjóða um 2.178 m.kr., sem hafði versnað um 875 m.kr. árið 1975, þegar frá eru talin áhrif af skuldabreytingum í sjávarútvegi. Mestu munar um orlofsfé (1.267 m.kr.), sem flutt hefur verið í Seðlabankann og er nú talið með innstæðum sjóða í opinberri vörzlu. Á móti flutningi þess veitti Seðlabankinn Pósti og síma 1000 m.kr. lán vegna samansafnaðs greiðsluhalla stofnunarinnar.


Úr reikningum Seðlabankans

(Hreyfingar í m.kr.)

	1973	1974	1975	1976
Gjaldeyriskaup—gjaldeyrissala	1.002	—6.801	—5.271	2.909
Kröfur á ríkissjóð, nettó ¹⁾	381	2.866	5.791	1.710
(þar af gengisuppfærsla lána)	—	—	(208)	(642)
Kröfur á ríkisstofnanir, nettó ¹⁾	835	546	—227	643
Kröfur á fjárfestingarlánasjóði ¹⁾	294	—187	1.855	—219
(þ a. v/skuldabreyt. sjávarútv.)	—	—	(1967)	—
Innst. fjárfestingarlánasjóða (—) ²⁾	—695	—371	—546	—701
Innst. sjóða í opinberri vörzlu (—) ²⁾	—696	—1.903	1.533	—1.798
Verðjöfnunarsj. fiskiðnaðarins	—394	—1.174	613	—219
Orlofsfé	—	—	—	—1.267
Aðrir	—302	—729	920	—312
Annað, nettó	—130	—25	—1.447	205
Erl. skuldir til langs tíma (—) ²⁾	48	—1.179	—2.135	—2.043
Endurlánuð löng erlend lán	—58	1.210	1.232	3.401
Annað	—120	—56	—544	—1.153
Samtals	991	—5.875	1.688	2.749
Nettóinnstæður innlánsstofnana	450	—6.615	730	1.506
(þ a. v/skuldabreyt. sjávarútv.)	—	—	(1967)	—
Lausafjárstaða	—326	—1.882	2.996	460
Bundnar innstæður	2.055	1.782	2.816	4.496
Endurkaup (—) ²⁾	—1.289	—4.247	—4.298	—3.486
Verðbréf (—) ¹⁾²⁾	10	—2.268	—783	36
Seðlar og mynt í umferð	541	740	958	1.243

¹⁾Endurlánuð löng erlend lán eru ekki meðtalín. ²⁾ Aukning= mínus.

Staða ríkisins



Útlánahámark

Þróun útlána



Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu úr reikningum Seðlabankans versnaði staða ríkissjóðs og ríkisstofnana um 1.711 m.kr. á árinu þegar frá eru talin endurlánuð löng erlend lán og gengisuppfærsla lána. Útkoman varð því um 3.100 m.kr. lakari en að var stefnt í lánsfjáráætlun. Engu að síður var greiðsluafkoma ríkisins miklum mun betri en árið 1975, þegar skuldir við Seðlabankann hækkuðu um 5.356 m.kr., reiknað á sama hátt og áður greinir. Þensluáhrif af viðskiptum ríkissjóðs (A-hluta) við Seðlabankann voru mest á fyrri árshelmingi er skuldir við bankann hækkuðu um 2.473 m.kr. Á síðari helmingi ársins batnaði staðan nokkuð og yfir árið í heild nam rýrnunin 1.068 m.kr., auk 642 m.kr. vegna gengisuppfærslu lána, eða samtals 1.710 m.kr. samanborið við 5.791 m.kr. árið 1975. Ríkisstofnanir (B-hluti) að meðtöldum reikningi vegna framkvæmdaáætlunar höfðu hins vegar mjög góða stöðu við Seðlabankann mestan hluta ársins, aðallega vegna þess að erlend framkvæmdalán voru tekin á fyrri hluta árs en ráðstafað þegar liða tók á árið. Á síðasta ársfjórðungi hækkuðu skuldir ríkisstofnana við bankann mjög verulega eða um tæpa 2 milljarða, en yfir árið í heild hækkuðu skuldir ríkisstofnana um 643 m.kr., en höfðu lækkað um 227 m.kr. árið 1975.

Snemma á árinu hóf Seðlabankinn viðræður við fulltrúa viðskiptabanka og sparisjóða um stefnuna í útlánamálum. Samstaða var um að framfylgja þeirri stefnu, sem mótuð var með lánsfjáráætlun, og var í því skyni samið um ákveðna hámarksaukningu útlána innan ársins. Var í fyrstu miðað við, að heildarútlán ykjust ekki um meira en 15% yfir árið, en í apríl var stefnan endurskoðuð með hliðsjón af breyttum forsendum um verðlagsþróun, og útlánamörk fyrir árið í heild þá hækkuð í 20%. Hér á eftir verður fjallað um ráðstafanir í peningamálum, sem gerðar voru í apríl samhliða endurskoðun útlánastefnunnar, en fyrst skal vikið nánar að þróun útlánanna.

Á öðrum og þriðja ársfjórðungi jukust heildarútlán innlánsstofnana mjög verulega umfram þau mörk, sem um hafði verið samið. Ársaukning til októberloka nam 30%, en á síðustu mánuðum ársins dró úr aukningunni, og yfir árið í heild jukust útlán um 25,9%, sem er svipuð hlutfallsaukning og árið 1975, eins og meðfylgjandi tafla sýnir. Þar sem útlánaaukningin er nokkru minni en verðlagsbreytingar yfir árið, verður að segja, að nokkur árangur hafi náðst í þeirri viðleitni að veita þensluöflunum viðnám. Tilætlaður árangur náðist þó ekki, sem ef til vill stafar af því, að árið 1975 var þegar gert verulegt átak á þessu sviði, m.a. með útlánastöðvun um nokkurn tíma. Hér aftur í heftinu er útlánaflokkun innlánsstofnana sýnd, og má sjá, að lán til rík-

Úr reikningum innlánsstofnana

Hreyfingar í m.kr.	1973	1974	1975	1976
Til Seðlabanka, nettó	451	—	731	1.506
Erlendir liðir	144	956	579	53
Útlán	7.782	14.537	10.257	14.531
Skuldabreyting v/sjávarútvegs er ekki meðtalin í útlánum	—	—	(1967)	—
Samtals (ráðstöfun=uppruni)	8.377	15.493	11.567	16.090
Innlán	8.005	8.738	11.765	17.143
Frá Seðlabanka, nettó	—	6.615	—	—
Annað	372	140	—198	—1.053
<i>Hreyfingar í %</i>				
Útlán	33,1	46,5	22,4	25,9
Útlán með skuldabr. sjávarútvegs	33,1	46,5	26,7	25,9
Innlán	33,7	27,5	29,0	32,8


issjóðs og ríkisstofnana hafa aukizt hlutfallslega mest eða um 63%, lán til einstaklinga jukust um 35%, lán til landbúnaðar um 33% og sjávarútvegs 32%.

Ráðstafanir í apríl

Þegar ljóst var orðið, að verðlagsþróun á árinu yrði mun óhagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir í lánsfjáráætlun var talið nauðsynlegt að gera ráðstafanir í peningamálum til að ná betra jafnvægi á fjármagnsmarkaðnum, jafnframt því sem tekið yrði tillit til aukinnar rekstrarfjárþarfar atvinnuveganna. Þegar hefur verið minnst á endurskoðun útlánamarkmiða, en talið var nauðsynlegt að stefna að því, að heildarútlán hækkuðu ekki um meira en 20% á árinu í stað 15% eins og gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun.

Hækkun bindiskyldu

Í apríl var ákveðið að auka bindiskyldu úr 23% í 25% af heildarinnstæðum hjá innlánsstofnunum, og gildi sú breyting aftur fyrir sig frá áramótum. Er bindingin þar með komin í það hámark, sem lög um Seðlabankann heimila. Breytingin var nauðsynleg til að vega á móti hækkun endurkeyþtra afurðalána, en árin 1974 og 1975 hækkuðu endurkaupin mun meira en bundnar innstæður. Árið 1976 hækkuðu endurkaup um 3.486 m.kr. eða 27,8%, en bundnar innstæður um 4.496 m.kr. eða 39,4%. Í árs-




Endurkaup Seðlabankans

(Hreyfingar í millj. kr.)
(% hreyfingar innan sviga)

	1973	1974	1975	1976
Endurkaup Seðlabanka, alls	1.289 (47,9)	4.247 (106,7)	4.298 (52,2)	3.486 (27,8)
Landb.	531 (39,0)	649 (34,3)	1.929 (75,9)	1.463 (32,7)
Sjávarútv.	480 (47,9)	2.609 (176,0)	1.765 (43,1)	1.644 (28,1)
Iðnaður	191 (76,4)	541 (122,7)	630 (64,1)	249 (15,5)
Annað	86	449	—25 (—4,1)	130 (22,1)

Vaxtabreyting




lok 1976 námu bundnar innstæður í Seðlabankanum 15.891 m. kr. en endurkaupin 16.010 m.kr.

Loks var ákveðið að taka upp nýja innlánareikninga við innlánsstofnanir, er njóta skyldu sérstaks vaxtaauka, sem Seðlabanki ákveði og endurskoði með tilliti til verðlagsþróunar. Innstæður á vaxtaaukareikningum skulu skráðar á nafn og bundnar í ekki skemmri tíma en 12 mánuði. Ársbækur bera 16% vexti, en ákveðið var að nýju reikningarnir hefðu 6% vaxtaauka og yrðu þá greiddir 22% vextir samtals frá 1. maí, er breytingin tók gildi. Til að standa undir greiðslu vaxtaauka voru almennir forvextir af víxlum hækkaðir um $\frac{3}{4}$ %, en aðrir útlánsvextir um 1%. Vextir af endurseljanlegum afurða- og birgðalánum atvinnuveganna, svo og vextir af reglubundnum viðbótarlánum breyttust þó ekki. Þá var innlánsstofnunum heimilað að taka upp nýjan flokk fasteignaveðlána, er beri $\frac{1}{2}$ % hærri vexti en vaxtaaukareikningar. Loks voru innlánsvextir á hlaupareikningum og sparisjóðsávísanareikningum lækkaðir úr 5% í 3%. Síðar á árinu (20. nóv.) voru vanskilavextir hækkaðir úr 2% í $2\frac{1}{2}$ % á mánuði.

Vaxtaaukareikningum var mjög vel tekið, enda var nú komið til móts við þarfir sparifjäreigenda, um innlánsform, sem tryggði verðgildi sparifjár nokkurn veginn til jafns við fjárfestingu í vörum og fasteignum. Í árslok höfðu 10.776 m.kr. safnast inn á nýju reikningana, en það er 20% af spariinnlánnum og 16% af heildarinnlánnum. Talið er, að um tveir þriðju hlutar vaxtaaukainnlána hafi orðið til með flutningi fjár af öðrum bundnum reikningum, en slíkur flutningur var heimilaður, þótt skilyrðum um uppsagnarfrest hefði ekki verið fullnægt.

Heildarinnlán innlánsstofnana hækkuðu um 32,8% árið 1976 samanborið við 29,0% árið áður. Aukning veltiinnlána var hlutfallslega mun minni eða 19,3%, en þau höfðu aukizt um 40% árið 1975. Spariinnlán hækkuðu um 36% samanborið við 27,3% árið 1975, og er þetta í fyrsta sinn í sex ár, að hlutfallsaukning þeirra er meiri en veltiinnlána. Séu ársmeðaltöl spariinnlána færð á verðlag ársins 1976 miðað við vísitölu þjóðarútgjalda kemur í ljós, að þau hækkuðu sífellt á sjötta áratug, að árunum 1968 og 1969 undanskildum, og náðu árið 1972 hámarkinu 59,0 milljarðar króna. Síðan hafa þau lækkað, fyrst í 57,7 milljarða árið 1973 þá í 50,6 og 43,5 árið 1975, en á síðasta ári snerist þessi þróun við og meðaltalið hækkaði lítilsháttar eða í 43,9 milljarða króna. Þótt breytingin sé tiltölulega lítil sýnir hún, að vaxtabreytingin hefur endurvakið að nokkru traust á banka-innstæðum sem sparnaðarformi og því átt þátt í að hamla gegn gjaldeyriseyðslu.

Innlánaþróun



Staða innlánsstofnana

Þótt útlánaaukning innlánsstofnana hafi orðið meiri en að var stefnt, tókst þeim að bæta heildarstöðu sína við Seðlabankann samtals um 1.506 m.kr., þegar litið er á árið í heild, og nam bati lausafjárstöðunnar þar af 460 m.kr. Stafar þessi aukning ekki sízt af útstreymi fjár úr Seðlabankanum vegna ríkisfjármála og gjaldeyrisviðskipta eins og áður er lýst. Mestan hluta ársins voru innlánsstofnanir þó í verulegri yfirdráttarskuld við Seðlabankann, og var ákveðið að hækka refsivexti af yfirdrætti til að hamla gegn tilhneigingu í þessa átt. Frá og með 11. desember reiknast 1% vextir af hæstu skuld á hverju 10 daga tímabili, en þó skal aðeins reikna venjulega yfirdrattarvexti af yfirdrattarskuld, sem varir aðeins í tvo daga. Þótt nokkuð hafi þokazt í rétta átt árin 1975 og 1976, er langt frá því, að heildarstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum sé traust, því að batinn síðustu tvö ár nemur aðeins um þriðjung hallans á erfiðleikaárinu 1974.

Refsivextir



Reikningar bankakerfisins

(Hreyfingar í millj. kr.)
(% hreyfingar innan sviga)

	1973	1974	1975	1976
Peningamagn og sparifé	9.241 (35)	9.849 (28)	13.268 (29)	19.088 (33)
Orsakir breytinga peningamagns:				
Gjaldeyrisstaða	1.146	-5.845	-4.692	3.345
Útlán, samt. ¹⁾	9.282 (37)	17.790 (52)	17.656 (34)	16.654 (24)
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	1.282 (191)	3.583 (183)	5.546 (100)	2.792 (25)
Bæjar- og sveitarfélög . .	208 (32)	366 (43)	42 (3)	106 (8)
Fjárfestingarlánasjóðir	662 (29)	442 (15)	471 ²⁾ (14)	635 (11)
Atvinnuvegir	5.691 (35)	11.940 (54)	9.748 (29)	9.780 (23)
Einstaklingar	1.438 (30)	1.460 (23)	1.849 (24)	3.340 (35)
Innst. sjóða í opinb. vörzlu . .	-696	-1.903	1.533	-1.798
Annað	-491	-193	-1.229	890
Endurlánað erl. lánsfé . .	623	4.042	7.107	4.124
Löng erl. lán	-610	-3.990	-7.703	-3.395
Annað	-504	-245	-633	161


1) Endurlánað löng erlend lán eru ekki meðtalin.

2) Hækkun vegna skuldabreytinga sjávarútvegs er ekki meðtalin.

Línuritið hér á næstu síðu sýnir ársmeðaltöl peningamagns og sparifjár sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Árið 1967 var hlutfallið 42% en hefur lækkað stöðugt síðan, en það er bein afleið-

Peningamagn og sparifé

ing af því verðbólgu- og eftirspurnarástandi, sem ríkt hefur, og neikvæðir raunvextir bankainnlána hafa sízt stuðlað að eðlilegri peningamyndun. Ársmeðaltal peningamagns og sparifjár hækkaði um 32,8% árið 1976 samanborið við 37% aukningu þjóðarframleiðslunnar. Lækkaði hlutfallið því enn á síðasta ári eða í 26,2%, þrátt fyrir mikla aukningu sparifjár, sem áður er lýst.




Þegar Reiknistofa bankanna tók við ávísanaskiptum 11. júní sl. varð bókun tékka í raun flýtt um einn dag. Við þetta urðu eldri upplýsingar um yfirdráttarlán og innstæður á tékkareikningum ósambærilegar við nýju upplýsingarnar. Af þessum sökum hefur talnaröðum útlána, veltiinnlána og peningamagns hér aftar í heftinu verið breytt, og nær breytingin aftur til ársins 1968. Þá eru inn- og útlán Póstgíróstofunnar nú í fyrsta sinn talin með í yfirlitstölum peningamála. Loks hafa verið gerðar breytingar vegna endurlánaðra langra erlendra lána, sem nú eru ekki talin með innlendum lánnum Seðlabanka og eru því eldri tölur lægri nú en í fyrri ársskýrslum.

FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐIR OG LÍFEYRISSJÓÐIR

Starfandi fjárfestingarlánasjóðir voru 17 á árinu 1976. Í árslokinn er áætlað, að eignir þeirra nemi um 64 milljörðum króna, en samsvarandi tala í árslok 1975 voru tæpir 48 milljarðar króna. Ætla má, að tæpir 58 milljarðar króna af eignum sjóðanna sé bundið í útlánakröfum í árslok 1976, en þær námu 43,6 milljörðum króna í árslok 1976. Svo sem ráða má af línuritinu hér á blaðröndinni, hefur starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna aukizt að tiltölu við þjóðarframleiðslu undanfarin ár, þó með nokkrum sveiflum.

Útlán



Ný útlán fjárfestingarlánasjóða á árinu 1976 námu 14.846 m.kr., ef undan eru skilin lán vegna breytinga á lausaskuldum sjávarútvegs í löng lán, er námu 74 m.kr. Útlánin urðu þannig um 20% hærrí en á árinu 1975, þegar þau námu 12.330 m.kr., en þá voru þau 68% hærrí en árið 1974. Í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1976 var stefnt að því, að útlán fjárfestingarlánasjóða yrðu um 13,4 milljarðar króna. Fjárhæðir útlána urðu þannig um 11% hærrí en reiknað var með í lánsfjáráætlun 1976, en til samanburðar má nefna, að fjárfesting á því sviði, sem sjóðirnir starfa á, er talin hafa orðið um 10% hærrí en áætlanir,

Útlán fjárfestingarlánasjóða eftir greinum

	1975		1976	
	Breyting f. f. ári		Breyting f. f. ári	
Lánþegar:	M.kr.	%	M.kr.	%
Opinberir aðilar	854	161,2	1.237	44,9
(þ.a. bæjar og sveitarfélög)	(489)	(98,0)	(944)	93,0
Atvinnufyrirtæki	8.193	80,6	9.031	10,2
Landbúnaður	1.401	43,3	1.595	13,9
Sjávarútvegur	4.712	98,6	4.877	3,5
(auk þess lán v/skuldabreytinga)	(2.350)	—	(74)	—
Verzlun	106	10,4	244	130,2
Iðnaður	1.214	33,3	1.620	33,4
Aðrir	760	327,0	695	—8,6
Íbúðalán	3.283	33,3	4.578	39,4
Alls	12.330	68,3	14.846	20,4

sem lágu fyrir, þegar lánsfjáráætlun var gerð (í nóv.—des. 1975). Meðfylgjandi yfirlit sýnir útlán fjárfestingarlánasjóða eftir greinum, þar sem lán vegna breytinga á lausaskuldum sjávarútvegs árin 1975 og 1976 eru ekki meðtalin.

Til sjávarútvegsins rann lítið eitt meira lánsfé frá sjóðunum en árið 1975, 3,5%, en til landbúnaðar varð meiri aukning, 14%. Í þessum atvinnuvegum var á árunum þar á undan mikil uppbygging og endurnýjun, sem hægt hefur verið á að undanförmu, og spegla útlán fjárfestingarlánasjóða þá þróun. Lán sjóðanna til iðnaðar hafa hækkað jafnt tvö síðustu ár, um rúm 33%. Lán til verzlunar, sem eru mjög óverulegur hluti af útlánum fjárfestingarlánasjóða, rúmlega tvöfölduðust árið 1976 frá árinu 1975, en það ár höfðu þau hækkað um 10% frá árinu 1974. Lán fjárfestingarlánasjóða til annarra atvinnuvega eru mjög sveiflukennd og lækkuðu t.d. um tæp 9% árið 1976 frá árinu á undan. Auk lána til fjárfestingar vegna atvinnuveganna lána fjárfestingarlánasjóðir einstaklingum, og raunar einnig félagssamtökum og sveitarfélögum, til íbúðabygginga, og varð um 39% hækkun í þessum flokki útlána frá árinu 1975, en það ár jukust útlánin um 33% frá árinu 1974. Lán sjóðanna til opinberra aðila námu 1.237 m.kr. árið 1976, þar af 944 m.kr. til bæjar- og sveitarfélaga og er það tæplega tvöfalt meira en á árinu 1975 og reyndar annað árið í röð, sem lán sjóðanna til sveitarfélaga nær tvöfölduðust. Lán til annarra opinberra aðila eru mjög sveiflubundin, en þar er einkum um að ræða að leysa úr sérstökum tímabundnum fjármögnunarvandkvæðum einstakra opinberra aðila. Fjáröflun til útlána fjárfestingarlánasjóða 1976 var með mjög líkum hætti og árin áður. Aðeins 4% ráðstöfunarfjárins fékkst úr eigin rekstri sjóðanna, 38% voru ný framlög hins opinbera í

Fjáröflun

Fjáröflun til útlána fjárfestingarsjóða (Hlutföll. %)

	1973	1974	1975	1976
Eigið framlag	2	1	4	4
Sjóðsbreytingar	—15	—6	—3	—5
Annað	17	7	7	9
Bein framlög án endurgjalds	38	46	37	38
Lántökur	60	53	59	58
Erlend lán	16	15	28	20
Innlend lán	44	38	31	38
Frá bankakerfinu	15	11	6	8
Frá lífeyrissjóðum	7	11	11	14
Frá Atvinnuleysistryggingasjóði	4	4	1	5
Innkominn skyldusparnaður	14	12	10	11
Annað innlent	4	—	3	—
Ný árleg útlán	100	100	100	100

Fjárstreymi

ýmsu formi, en meginhlutinn fékkst með nýjum lántökum, eða 58%. Eftirfarandi yfirlit sýnir í grófum dráttum hvernig fjáröflun til útlána hefur skipzt hlutfallslega á árunum 1973—1976. Hér fer á eftir nánara yfirlit yfir uppruna og ráðstöfun fjármagns síðustu tvö árin.

Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða

	1975		1976	
	Breyting f. f. ári		Breyting f. f. ári	
	M.kr.	%	M.kr.	%
<i>Uppruni fjármagns:</i>				
Eigið framlag, nettó	925	51,6	1.511	65,7
Innkomnar afborganir og vextir	5.584		8.376	
—Gr. afb., vextir og kostn.	—4.659		—6.865	
Bein framlög án endurgjalds	4.596	36,6	5.733	24,7
Skatttekjur og ríkisframlög	4.281		5.450	
Framlög annarra	315		283	
Tekin löng lán ¹⁾	7.484	91,3	8.550	14,2
Innlend lán	4.014	42,8	5.616	40,1
Frá ríkinu (Verðhækk. reikn.)	300		—	
Frá innlánsstofnunum	892		1.207	
Frá lífeyrissjóðum	1.345		2.058	
Frá Atvinnuleysisstr.sj.	170		697	
Innkominn skyldusparnaður	1.284		1.647	
Önnur innlend lán	23		7	
Erlend lán	3.470	214,0	2.934	—15,5
Endurlánað frá innl. aðilum	2.575		854	
Erlend lán tekin beint	895		2.080	
Innlend bráðabirgðalán, nettó	—172		—	
Uppruni—ráðstöfun	12.833	62,2	15.794	23,2
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>				
Ný útlán ¹⁾	12.330	68,3	14.846	20,4
Veitt löng lán	11.334		14.027	
Bráðabirgðalán, nettó	996		819	
Veitt framlög og styrkir	154		166	
Breytingar á innstæðum og sjóði	349		782	

¹⁾ Í nýjum útlánunum og teknum löngum lánunum eru hér undanskilin lán Fiskveiðisjóðs vegna skuldabreytinga sjávarútvegafyrirtækja, 2350 m.kr. árið 1975 og 74 m.kr. 1976.

Hlutdeild eigin framlags að undanskildum sjóðsbreytingum tók lítilsháttar breytingum upp á við árið 1976, en nær þó engan veginn að vera eðlilegur hluti uppbyggingar sjóðanna. Framlög til fjárfestingarlánasjóða, aðallega skatttekjur og ríkisframlög, námu 5.733 m.kr. eða 38% af útlánunum 1976, en það er svipað hlutfall og árið 1975.

Með lánsfjáráætlun fyrir árið 1976 var m.a. að því stefnt að

Framkvæmdasjóður

minnka hlutdeild erlendra lána í heildarfjármögnun fjárfestingarlánasjóða frá því, sem var árið 1975, og færa hana niður á svipað stig og var á árinu 1974. Þetta markmið náðist ekki að fullu, einkum vegna þess að eigið framlag og skatttekjur fylgdu ekki eftir þeirri hækkun, sem varð á almennri fjárfestingu frá áætlunum, en fjárfestingin mótar verulega útlán sjóðanna. Innlendar lántökur fjárfestingarlánasjóða á síðasta ári námu um 38% af nýjum útlánum, og er það svipað hlutfall og að var stefnt í lánsfjáráætlun. Þetta náðist, þótt aðeins hafi tekizt að fá að láni um 27% af áætluðu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1976 í stað 30%, sem að var stefnt. Lán viðskiptabanka til fjárfestingarlánasjóða urðu hærri en ráð var fyrir gert í lánsfjáráætlun, en um þau er samið sem 10% af innlánsaukningu, sem varð nokkru meiri en gert var ráð fyrir í áætlun, eins og getið er um í kaflanum um peningamál hér að framan. Atvinnuleysistryggingasjóður lánaði Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði um 300 m.kr. hvorum um sig og skyldusparnaður brúttó, sem rennur að mestu til Byggingarsjóðs ríkisins og einnig til Stofnlánadeildar landbúnaðarins varð um 1.647 m.kr., sem er nokkru hærri fjárhæð en áætlað var. Innkominn skyldusparnaður að frádregnum útborguðum endurgreiðslum, vöxtum og vísitöluálagi nam 308 m.kr. árið 1976 en 462 m.kr. árið 1975. Framkvæmdasjóður, er starfar sem miðlunarsjóður á lánsfé fyrir helstu atvinnuvegasjóðina, fékk sem endranær sitt fjármagn að mestu að láni. Innlendar lántökur hans voru lán frá viðskiptabönkum 1.177 m.kr., og verðtryggð lán frá lífeyrissjóðum 743 m.kr. og Atvinnuleysistryggingasjóði 300 m.kr. Í erlendri mynt tók hann lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, 2.080 m.kr. eftir að afföll og lántökugjöld höfðu verið dregin frá, og af endurlánuðu erlendu lánsfé Seðlabankans 674 m.kr., þar af 150 m.kr. vegna sérstakrar fyrirgreiðslu við Stofnlánadeild landbúnaðar-

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs

Millj.kr.	1974	1975	1976
Stofnlánadeild landbúnaðarins	475	1.387	1.100
Veðdeild Búnaðarbankans	38	15	20
Fiskveiðasjóður	1.141	2.098	2.609
Verzlunarlánasjóður	8	25	40
Stofnlánadeild samvinnufélaga	8	25	40
Iðnlánasjóður	113	117	250
Ferðamálasjóður	15	—	—
Lánasjóður sveitarfélaga	113	124	250
Byggðasjóður	129	244	250
Samtals til fjárfestingarlánasjóða	2.040	4.035	4.559
Lán til annarra aðila	163	371	525
Alls	2.203	4.406	5.084

Lánskjör

ins. Af meðfylgjandi yfirliti má sjá lánveitingar Framkvæmdasjóðs til einstakra fjárfestingarlánasjóða og annarra aðila síðastliðin þrjú ár.

Fram kemur, að enn sem fyrr eru sjóðir sjávarútvegs og landbúnaðar stærstu lántakendur hjá Framkvæmdasjóði, en Iðnlánasjóður, Lánasjóður sveitarfélaga og Bygðasjóður vinna nokkuð á, einkum á árinu 1976.

Á árinu 1976 var enn unnið að því að framfylgja ákvæðum laga nr. 13/1975, þar sem segir, að fjárfestingarlánasjóðir skuli endurlána það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir sæta sjálfir. Má því ætla, að á næstu árum verði eigið fé fjárfestingarlánasjóða æ ríkari þáttur í ráðstöfunarfé sjóðanna, og gætir þess að nokkru á árinu 1976, eins og vikið var að hér að framan.

Nánari tölulegar upplýsingar um fjárfestingarlánasjóðina eru birtar í töfluviðauka þessarar skýrslu (töflur 25—28).


Lífeyrissjóðir

Upplýsingar um starfsemi lífeyrissjóða, sem Seðlabankinn safnar árlega, liggja nokkuð seinna fyrir en upplýsingar frá öðrum fjármagnsstofnunum. Hefur þó að undanförunu í ársskýrslum bankans verið getið um líklegar niðurstöður helztu þátta í fjárstreymi þeirra.

Fjárstreymi lífeyrissjóða

Hreyfingar	1974		Brb.t. 1975		Áætl. 1976	
	Breyting f. f. ári		Breyting f. f. ári		Breyting f. f. ári	
<i>Uppruni:</i>	<i>M.kr.</i>	%	<i>M.kr.</i>	%	<i>M.kr.</i>	%
Eigið framlag nettó	1.344	60	2.350	75	3.350	43
Iðgjaldatekjur	3.992	48	5.350	34	7.400	38
—Gr. lífeyrir o.fl.	—1.072	53	—1.450	35	—2.150	48
Uppruni=Ráðstöfun	4.264	51	6.250	46	8.600	38
<i>Ráðstöfun:</i>						
Útlán	3.536	47	5.650	60	8.600	52
Innst.- og sjóðsbr.	728	—	600	—	—	—

Af meðfylgjandi yfirliti má sjá, að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða er áætlað um 8.600 m.kr. árið 1976 á móti um 6.250 m.kr. árið 1975. Er þarna um 38% hækkun að ræða, borið saman við 46% hækkun 1974 til 1975 og 51% hækkun 1973 til 1974. Þessi stigminnkandi aukning skýrist að nokkru með því, að dregið hefur úr fjölgun þeirra, sem í lífeyrissjóði hafa gengið, svo og að allir sjóðir innheimta nú hámarksíðgjald af sjóðfélögum og atvinnurekendum, auk þess sem launaþensla hefur verið minni nú tvö sl. ár en árin þar á undan. Útlán lífeyrissjóðanna renna að meg-



inhluta til sjóðfélaga, en í vaxandi mæli hafa þeir einnig lánað fjárfestingarlánasjóðum ýmist samkvæmt sérstakri málaleitan einstakra fjárfestingarlánasjóða eða samkvæmt óformlegu samkomulagi við ríkisvaldið, sem gert var árið 1974. Í því samkomulagi var gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir verðu 20% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins. Í samræmi við lánsfjáráætlun 1976 fóru stjórnvöld fram á, að lífeyrissjóðir ykju lán sín til fjárfestingarlánasjóða upp í 30% af áætluðu ráðstöfunarfé ársins 1976 og fóru jafnframt fram á, að meginhluti þess fjár gengi til Framkvæmdasjóðs. Eigi fóru lífeyrissjóðir að fullu eftir þessum tilmælum, þar sem lán til fjárfestingarlánasjóða námu um 27% af áætluðu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1976, en þar af runnu 743 m.kr. til Framkvæmdasjóðs í stað 1.440 m.kr., sem gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun.

Sparnaður í lífeyrissjóðum, skilgreindur sem nettó iðgjöld og innkomnir vextir að frádrögnum kostnaði við starfsemi sjóðanna, hefur aukizt stöðugt undanfarin ár. Sézt af línuritinu hér á blaðröndinni, að nú nemur hann um 11—12% af brúttósparnaði þjóðarbúsins til samanburðar við um 6—7% í byrjun áratugsins. Um nánari tölulegar upplýsingar um lífeyrissjóði vísast til töflu 29 í töfluviðauka aftast í þessari skýrslu.

YFIRLIT YFIR LÁNAMARKAÐINN

Lánsfjáráætlun

Í lok ársins 1975 lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi lánsfjáráætlun fyrir árið 1976. Áætlunin var hin fyrsta, sem tók til allrar lánastarfsemi í landinu. Í henni voru settar fram hugmyndir um þróun í lánamálum, sem væri í samræmi við og stefndi að yfirlýstum markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Stefnt var að þrem meginmarkmiðum: að draga úr viðskiptahalla við útlönd, draga úr verðbólgu og tryggja fulla atvinnu. Með lánsfjáráætlun var lögð áhersla á, að draga þyrfti úr heildarframboði lánsfjár, og var opinbera geiranum ætlaður verulegur hlutur í því aðhaldi. Skyldi dregið úr erlendum lántökum eftir því sem við yrði komið, en lánsfjárframboð byggt á innlendum sparnaði í ríkari mæli en á undanförunum árum. Þetta hafði verulega þýðingu gagnvart opinberum framkvæmdum og starfsemi fjárfestingarlánasjóða, sem byggist nær eingöngu á beinum lántökum. Einnig voru sett fram markmið varðandi bankakerfið og lífeyrissjóði, en eðli sínu samkvæmt hljóta þau að vera háð breytingum, sem verða á þróun verðlags og sparnaðar.

Í heild verður að telja, að lánsfjáráætlun hafi auðveldað stjórn lánamála og átt sinn þátt í þeim endurbata, sem varð á stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Ekki tókst þó að veita það aðhald, sem að var stefnt, enda reyndist verðbólgu myndun svo sterk, að ekki varð við ráðið nema að takmörkuðu leyti. Af þeim sökum meðal annarra voru nokkrir þættir lánsfjáráætlunar endurskoðaðir í apríl og maí eins og rakið er í köflunum hér að framan.

Innlendur sparnaður

Meðfylgjandi töflur sýna þróun lánamála á síðasta ári, og til samanburðar eru tölur frá fyrri árum. Skal nú vikið stuttlega að þeirri heildarmynd, sem fram kemur í þessum töflum, en ítarlegri upplýsingar um einstaka þætti má finna í köflunum hér að framan og töflunum aftast í þessari skýrslu. Í fyrstu töflunni, sem sýnir hreyfingar lána og nátengdar meginstærðir, má sjá, að innlendur sparnaður, brúttó, hefur aukizt mjög verulega á árinu 1976, er hann nam 28% af vergri þjóðarframleiðslu, en árið 1975

var hlutfallið 25%. Hallinn á viðskiptajöfnuði lækkaði úr 11,5% af þjóðarframleiðslu í 1,7%, sem er mun betri árangur en vænt var við upphaf ársins. Í töflunni er sýnt hve mikið af innlendum sparnaði fór um lánakerfið (lína 22). Er þar um að ræða innlán í bönkum, iðgjöld til lífeyrissjóða, skyldusparnað og framlög til fjárfestingarlánasjóða auk fjármagnstilfærslna til og frá útlöndum. Árið 1976 tvöfaldaðist þessi fjárhæð, en það skýrist að miklu leyti af því, að spariinnlán í bönkum hækkuðu verulega.

Innlendur sparnaður og lántökur

(Samandregið greiðslufirlit gagnvart lánastofnunum og útlöndum)

Hreyfingar í m. kr.		Upphafl. lánsfjáráætlun				
		1973	1974	1975	1976	1976
1	Halli á viðskiptajöfnuði	2.635	15.530	21.380	4.390	14.400
2	Innl. sparnaður, brúttó	25.786	32.198	45.860	71.420	53.660
21	Til eigin fjárfestingar	12.827	15.566	28.960	37.476	36.055
22	Til lánakerfisins ..	12.959	16.632	16.900	33.944	17.605
3	Fjárfesting (=1+2)	28.421	47.728	67.240	75.810	68.060
31	Eigin fjármögnun	12.827	15.566	28.960	37.476	36.055
32	Lántökur, nettó ¹⁾ ..	15.594	32.162	38.280	38.334	32.005
321	— opinberra aðila	2.165	8.680	14.614	14.391	6.800
322	— einkaaðila	13.429	23.482	23.666	23.943	25.205
	¹⁾ (þ.a. erl. lán nettó)	(1.105)	(14.155)	(15.015)	(3.535)	(11.960)

Lánsfjárframboð

Lánatökur (lína 32) eru öll lán innlendra aðila frá lánastofnunum og útlöndum. eru þau sýnd sem hluti af fjármögnun brúttófjárfestingar, enda þótt rekstrarlán séu meðtalin. Lánsfjárframboð þannig skýrgreint nam rúmum 38 milljörðum kr. árið 1976, sem er nánast sama fjárhæð og árið áður, en um 6 milljörðum hærri en áætlað hafði verið. Erlend lán í heild hækkuðu um 3.535 m.kr. árið 1976, sem er aðeins fjórðungur aukningarinnar árið áður. Erlend lán til langs tíma hækkuðu um 10.750 m.kr. og verður nánar fjallað um þau síðar í þessum kafla. Á móti lækkuðu ýmsar stuttar erlendar skuldir mjög verulega (3.870 m.kr.) auk þess sem gjaldeyrisstaða bankanna batnaði um 3.350 m.kr.

Lánþegar

Á lánþegahlið er athyglisvert að sjá, að lánanotkun einkaaðila (atvinnufyrirtækja og einstaklinga) var því sem næst jafn mikil árin 1975 og 1976, 24 milljarðar króna, og heldur lægri en gert var ráð fyrir í upphaflegri lánsfjáráætlun. Lántökur opinberra aðila, að ríkisfyrirtækjum meðtöldum, voru sömuleiðis nær óbreyttar frá árinu 1975, 14 milljarðar króna. Urðu lántökur opinberra aðila meira en tvöfalt hærri en ráðgert var með lánsfjáráætlun. Stafar mismunurinn að miklu leyti af meiri virkjunar- og hitaveituframkvæmdum en fyrirhugaðar voru. Auk þess virð-

ist svo sem markið hafi verið sett of hátt í lánsfjáraætlun, að því er varðar greiðsluafkomu ríkisins, því þrátt fyrir mikil umskipti til hins betra í ríkisfjármálum, náðist ekki að grynna á eldri skuldum við lánastofnanir.

Næsta tafla sýnir nánari flokkun á heildarlánnum eftir endanlegum notendum. Eru þar til viðbótar lánnum, eins og þau eru sýnd í fyrstu töflu, lán einkaaðila til ríkissjóðs í formi spariskírteina, happdrættisskuldabréfa og skyldusparnaðar af skatttekjum. Rétt er að vekja athygli á, að ólíkt því sem er í fyrstu töflu, eru lán til ríkisfyrirtækja hér talin með lánnum til atvinnufyrirtækja, en sú hefur verið venjan í lánaflokkun lánastofnana. Einnig er

*Innlend og erlend lán 1976 og 1975
flokkuð eftir endanlegum notendum
(Nettóhreyfingar í m.kr.)*

Lánþegar

Lánveitendur 1976	Ríkissj.	Atvinnu- Íbúða- Aðrir				Samt.	Lána- stofn. ²
	og ríkisst.	Sveitar- félög	fyrir- tæki ¹	eig- endur	einka- aðilar		
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)
1 Innland lán, alls	4.542	1.669	18.653	11.582	1.412	37.858	616
11 Lánastofnanir, alls ³	2.652	1.669	18.653	11.582	1.412	35.968	—
111 Bankakerfið	2.601	947	12.382	1.927	1.412	19.269	(1.508)
1111 Seðlabankinn	2.176	111	1	—	—	2.288	(658)
1112 Innlánsstofnanir	425	836	12.381	1.927	1.412	16.981	(850)
112 Fjárfestingarlánasjóðir	—29	722	6.241	4.235	—	11.169	(60)
113 Lífeyrissjóðir	80	—	30	5.420	—	5.530	(1.870)
12 Einkaaðilar	1.890	—	—	—	—	1.890	616
2 Erend lán, alls	1.405	—70	1.031	—	—	2.366	—510
21 Löng erlend lán	385	—70	7.600	—	—	7.915	2.835
22 Stutt erlend lán	1.020	—	—6.569	—	—	—5.549	—3.345
3 Samtals (1+2)	5.947	1.599	19.684	11.582	1.412	40.224	106
1975							
1 Innland lán, alls	8.651	487	22.033	7.550	879	39.600	670
11 Lánastofnanir, alls ³	6.965	487	22.033	7.550	879	37.914	—
111 Bankakerfið	6.697	148	13.399	973	879	22.096	(2.667)
1111 Seðlabankinn	6.708	—15	—5	—	—	6.688	(1.839)
1112 Innlánsstofnanir	—11	163	13.404	973	879	15.408	(828)
112 Fjárfestingarlánasjóðir	263	334	8.604	3.021	—	12.222	(48)
113 Lífeyrissjóðir	5	5	30	3.556	—	3.596	(1.254)
12 Einkaaðilar	1.686	—	—	—	—	1.686	670
2 Erend lán, alls	—190	1.363	—807	—	—	366	11.797
21 Löng erlend lán	670	1.363	6.017	—	—	8.050	7.105
22 Stutt erlend lán	—860	—	—6.824	—	—	—7.684	4.692
3 Samtals (1+2)	8.461	1.850	21.226	7.550	879	39.966	12.467

1) Ríkisfyrirtæki meðtalin

2) Svígatölur tákna lán lánastofnana innbyrðis

3) Endurlánuð löng erlend lán meðtalin

Löng erlend lán

nauðsynlegt að hafa í huga, að lán lánastofnana í þessari töflu innifela endurlánuð löng erlend lán.

Athyglisverðast í töflunni er, að aukning lána til einstaklinga (dálkar 4+5) varð um 13.000 m.kr. árið 1976 eða um 54% meiri en aukningin árið 1975. Lán til opinberra aðila og atvinnuvega samanlagt (dálkar 1+2+3) jukust hins vegar um 20% lægri fjárhæð á árinu 1976 en á árinu 1975.

Síðasta taflan sýnir löng erlend lán 1975 og 1976 og flokkun þeirra á innlenda lántakendur. Kemur þar m.a. fram, að innkomin lán í heild árið 1976 námu 18.985 m.kr. eða 10% lægri fjárhæð í krónum en innkomin lán 1975, reiknað á meðalgengi hvors árs um sig. Nettóaukning innlendra lána 1976 varð 10.750 m.kr. eða um 30% minni en aukningin 1975. Dró þannig verulega úr skuldaaukningu Íslendinga við útlönd. Lánastofnanir nota ekki sjálfar lán, sem þær taka erlendis, heldur miðla þeim meðal innlendra aðila (fjárfestingarlánasjóðir) eða hafa eingöngu milligöngu um lántökur erlendis (bankakerfið). Ríkissjóður tekur einnig lán í þeim tilgangi að miðla af þeim til annarra geira þjóðfélagsins. Má af yfirlitinu sjá, hvaða aðilar fá þau lán, sem ríkissjóður tekur erlendis, en notar ekki sjálfur. Þessi flokkur erlendra lána óx mest á árinu 1976, en bein lán þeirra, sem féð fá til endanlegra nota, minnkuðu á móti.

Löng erlend lán 1975 og 1976

Lántakendur	Innk. lán	1975		Bráðabirgðatölur 1976		
		Afb.	Nettó	Innk. lán	Afb.	Nettó
Opinberir aðilar	11.875	2.050	9.825	10.240	2.805	7.435
Ríkissjóður, alls	4.295	935	3.360	6.285	1.085	5.200
þ.a. ríkissj. sjálfur	1.150	480	670	975	590	385
þ.a. til ríkisf.	667	135	532	5.260	145	5.115
þ.a. til bæjar- og sveitarfélaga	153	35	118	—	35	—35
þ.a. til fjárf.lánasj.	2.100	95	2.005	—	95	—95
þ.a. til atvinnuv.	225	190	35	50	220	—170
Ríkisfyrirtæki, alls	6.120	900	5.220	3.595	1.325	2.270
Bæjar- og sveitarfélög	1.460	215	1.245	360	395	—35
Lánastofnanir	6.795	1.695	5.100	5.415	2.485	2.930
Seðlabanki	1.715	300	1.415	1.670	23	1.647
Viðskiptabankar	4.205	920	3.285	1.590	1.810	—220
Fjárfestingarlánasj.	875	475	400	2.155	652	1.503
þ.a. Fiskveiðasj.	—	55	—55	—	65	—65
Einkaaðilar	2.390	2.160	230	3.330	2.945	385
Fiskiskip	390	790	—400	50	840	—790
Fiskiðnaður	49	55	—6	70	55	15
Skip, önnur en fiskisk.	515	630	—115	1.030	880	150
Flugvélar	995	160	835	2.080	630	1.450
Annað	441	525	—84	100	540	—440
Erlend lán, alls	21.060	5.905	15.155	18.985	8.235	10.750

Umreikningsgengi 1 US\$ 1975 = 153,63 kr., 1976 = 181,91 kr.

GENGISMÁL


Miklar breytingar áttu sér stað á gengi erlendra gjaldmiðla á árinu, eins og eðlilegt er, þegar gengi er sveigjanlegt á opnum markaði, og efnahagsþróun er ólík landa á milli. Við þær aðstæður hefur mismunandi verðlagsþróun og vöxtur framleiðni ár frá ári miklu fyrr áhrif á gengisþróunina en var undir fastgengiskerfinu, sem var ríkjandi fram til ársins 1973. Þar að auki koma fram skammtíma gengissveiflur, sem stafa af breytingu í efnahagsmálastjórn innanlands og breytingum á vaxtamun milli landa.

Áberandi munur kom fram á þróun gengis gjaldmiðla þeirra landa annars vegar, þar sem verðhækkunir voru örar eða framleiðniaukning lítil eða hvort tveggja, og hinna, þar sem verðlag var stöðugra eða framleiðniaukning mikil. Í fyrri hópnum voru af helztu iðnaðarlöndum einkum Bretland og Ítalía, þar sem gengisfallið var um og yfir 20% á árinu, og að nokkru leyti Frakkland, þar sem gengisfallið var um hálfu minna. Í síðari hópnum voru Þýskaland og Sviss, þar sem gengishækkun á árinu nam nálægt 10%, og Japan, Holland og ýmis fleiri lönd, þar sem hækkunin var minni.

Nokkur lönd í Vestur-Evrópu hafa haft með sér samflot í gengismálum með takmörkuðum gengissveiflum innbyrðis. Í marz heltist Frakkland úr lestinni, og eru nú eftir Þýskaland, sem er langstærst og öflugast þeirra, Holland, Belgía, Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Í október reyndist nauðsynlegt að breyta nokkuð gengi gjaldmiðla innan þessa hóps.

Meginbreytingin á sviði alþjóðlegra gengismála á árinu 1976 í samanburði við árin næstu á undan er þó sú, að gengi Bandaríkjadollars var nokkurn veginn stöðugt allt árið þrátt fyrir órólegt ástand á gjaldeyrismörkuðum. Áður voru gengissveiflur dollars snar þáttur í óróleika þeim, sem ríkt hefur á þessu sviði.

Ísland er í hópi þeirra landa sem reka óháða og sveigjanlega gengisstefnu og skrá gengi eftir aðstæðum á hverjum tíma án tengingar við aðra gjaldmiðla. Gengi krónunnar ákveðst ekki



Gengisþróun krónunnar

af framboði og eftirspurn á markaði, eins og algengt er við slíkar aðstæður, heldur ákveður Seðlabankinn kaup- og sölugengi gagnvart Bandaríkjadollar á hverjum tíma innan marka, sem ríkisstjórnin setur, og er að því stefnt að halda vegnu meðalgengi krónunnar sæmilega stöðugu og forðast skammtíma sveiflur. Kaup- og sölugengi gagnvart öðrum gjaldmiðlum er síðan ákveðið daglega í samræmi við það eftir skráningu á erlendum mörkuðum. Við ákvarðanir um gengisskráningu íslenskrar krónu á árinu 1976 var auk þess stefnt að því að vega upp á móti áhrifum kostnaðarhækkana innanlands umfram kostnaðarhækkunar erlendis á afkomu útflutningsatvinnuveganna og hamla gegn því, að eftirspurn beinist út úr landinu vegna innlendra kostnaðarhækkana. Til þess að ná því marki var óhjákvæmilegt, að gengi krónunnar lækkaði miðað við dollar og flesta aðra gjaldmiðla í nágrannalöndunum. Fyrstu tvo mánuði ársins var gengið reyndar stöðugt, en lækkaði síðan nokkuð jafnt og þétt um nálægt 1% á mánuði, eins og fram kemur á meðfylgjandi línuriti. Engin stærri gengisbreyting varð á árinu.

Á árinu 1976 var heildarlækkun á vegnu meðalgengi krónunnar samtals 10,1%. Gagnvart Bandaríkjadollar var breytingin mjög svipuð eða 10,0%, enda varð sáralítill breyting á meðalgengi Bandaríkjadollars gagnvart öðrum gjaldmiðlum á árinu, eins og fyrir segir.

Þessi gengisbreyting ein út af fyrir sig nægði engan veginn til þess að vega upp á móti þeim kostnaðarhækkunum, sem innlend framleiðslustarfsemi þurfti að sæta umfram hliðstæða starfsemi í nágrannalöndunum. Hjá flestum greinum útflutningsframleiðslu komu hins vegar til viðbótar verulegar hækkunar á söliverði framleiðslunnar á erlendum mörkuðum, þannig að staða flestra greina útflutningsframleiðslu var talin viðunandi í árslok.

ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

Alþjóðastofnanir

Á árinu 1976 var aðalfulltrúi í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dr. Jóhannes Nordal, en varafulltrúi Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans og systurstofnana hans var Ólafur Jóhannesson og varafulltrúi Matthías Á. Mathiesen. Aðalfundir þessara stofnana voru haldnir sameiginlega í Manila á Filipseyjum í byrjun október, og sóttu þá allir íslensku fulltrúarnir nema Ólafur Jóhannesson. Sigurgeir Jónsson sótti fundinn í hans stað.

Sameiginlegir fulltrúar Norðurlanda í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru þeir Per Aasbrink frá Svíþjóð, aðalfulltrúi fram til 1. nóvember, en Frede Hollensen frá Danmörku eftir það, og varafulltrúi Jörn H. Kjær frá Danmörku. Í bankastjórn Alþjóðabankans og systurstofnana hans var Jón Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, aðalfulltrúi til 1. nóvember, en Einar Magnussen eftir það, og varafulltrúi Jon Aase frá Noregi.

Í bráðabirgðastjórnarnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og í þróunarnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðs og Alþjóðabanka, sem komið hafa saman tvisvar til þrisvar sinnum á ári, eiga sæti fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum. Fulltrúar Íslands eru dr. Jóhannes Nordal í hinni fyrri og Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, í hinni síðari.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Í starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árinu bar það hæst, að samkomulag náðist loks um endurskoðun alþjóðagjaldeyriskerfisins og breytingar á stofnskrá sjóðsins þar að lútandi, eftir meira en þriggja ára stöðugar viðræður. Viðræður þessar höfðu staðið frá því á síðari hluta árs 1972, fyrst á vegum sérstakrar tuttugu manna ráðherranefndar og undirnefnda hennar og síðan haustið 1974 í bráðabirgðastjórnarnefnd, sem komið var upp innan sjóðsins, og í sjóðsstjórninni. Á meðan viðræðurnar stóðu yfir, margfaldaðist verð á olíu á heimsmarkaði, eins og kunnugt er, og leiddi það til nýs misvægis í alþjóðaviðskiptum og annarra breytinga, sem nauðsynlegt var að taka tillit til. Stofnun bráðabirgða-

Endurskoðun stofnskrár

stjórnarnefndarinnar var ein af þeim aðgerðum, sem gripið var til, meðan á viðræðum um endurskoðun stofnskrárinnar stóð til þess að auðvelda aðlögun að breyttum aðstæðum til bráðabirgða. Af öðrum slíkum ráðstöfunum má nefna reglur um sveigjanlega gengisskráningu, ákveðið var, að sérstök dráttarréttindi yrðu reiknieining í viðskiptum sjóðsins í stað gulls, og veitt voru sérstök lán, olíulán, til þess að mæta hækkandi kostnaði vegna innfluttrar olíu.

Lokasamkomulag í meginatriðum náðist á fundi bráðabirgðastjórnarnefndarinnar, sem haldinn var í Kingston á Jamaica í janúar 1976, en sjóðsstjórnin gekk endanlega frá tillögum um nýja stofnskrá í marz sama ár. Eru þær nú til staðfestingar hjá aðildarríkjunum. Auk ýmiss konar breytinga á almennt starfsemi sjóðsins og skipulagi, sem gerðar eru í ljósi reynslu undanfarandi ára, eru þrjár meginbreytingar fyrirhugaðar, hin fyrsta á reglum um gengisfyrirkomulag, önnur á hlutverki gulls í alþjóðagjaldeyriskerfinu og í framhaldi af því verður stöðu sérstakra dráttarréttinda breytt.

Í stuttu máli sagt, er hverju landi í sjálfsvald sett, hvaða gengisfyrirkomulag það velur sér, en í núgildandi stofnskrá er fast stofngengi áskilið. Í reynd staðfestir þessi breyting hið sveigjanlega gengisfyrirkomulag, sem almennt hefur verið tekið upp, en jafnframt er sjóðnum falið að hafa nákvæmt eftirlit með gengisskráningu hvers aðildarríkis. Um leið hverfur gull sem reikningseining hjá sjóðnum, og sérstök dráttarréttindi koma í staðinn, en notkunarmöguleikar þeirra eru auknir á ýmsan hátt. Heimilað er að selja það gull, sem sjóðurinn á, og nota söluverðið ýmist í almennum rekstri, til aðstoðar við þróunarlönd eða útluta því til aðildarríkanna.

Útlán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Útlán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa aldrei verið hærri en á því fjárhagsári, er lauk 30. apríl 1976, þegar þau námu 6,6 milljörðum SDR. Langstærsti hlutinn var svonefnd olíulán eða um 4 milljarðar SDR, en almenn yfirdráttarlán námu um 1,3 milljörðum SDR og jöfnunarlán 0,8 milljörðum SDR. Þetta er síðasta árið, sem olíulán eru veitt, en alls hafa verið veitt olíulán að fjárhæð 6,9 milljarðar SDR frá því í september 1974. Reglur um jöfnunarlán voru endurskoðaðar á árinu, og jókst þá mjög notkun þeirra, en þau eru veitt til þess að mæta sveiflum í útflutningstekjum. Notkun aðildarríkja á sérstökum dráttarréttindum nam 1,3 milljörðum SDR, og varð veruleg aukning þar á frá fjárhagsárinu á undan.

Seðlabankinn tók í marz tvö lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, samtals að fjárhæð 25,1 millj SDR eða jafnvirði 5.530 m.kr. á gengi í árslok 1976. Var annað lánið jöfnunarlán að fjárhæð 11,5

**Alþjóðabankinn og
systurstofnanir hans**

millj. SDR, en hitt olíulán að fjárhæð 13,6 millj. SDR. Í árslok 1976 nam skuld Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn samtals 62,2 millj. SDR eða jafngildi um 13.700 millj. kr. á gengi í árslok. Þar af voru jöfnunarlán 11,5 millj. SDR, olíulán 39,2 millj. SDR og almenn yfirdráttarlán 11,5 millj. SDR.

Á því fjárhagsári Alþjóðabankans, sem lauk 30. júní 1976, námu útlán bankans 4.977 millj. dollara, útlán Alþjóðaþróunarstofnunarinnar 1.655 millj. dollara og Alþjóðafjármálastofnunarinnar 245 millj. dollara.

Útistandandi skuld Íslands við Alþjóðabankann nam 40,7 millj. dollara í árslok 1976, en það jafngildir 7.703 millj. kr. á gengi í árslok. Á árinu lauk framkvæmdum við hafnargerð í Þorlákshöfn, Höfn í Hornafirði og Grindavík, sem Alþjóðabankinn veitti 7 millj. dollara lán til. Framkvæmdir standa enn yfir fyrir 10 millj. dollara lán til Sigölduvirkjunar.

Framlag Íslands til Alþjóðaþróunarstofnunarinnar á yfirstandandi þriggja ára fjárhagstímabili, sem lýkur 30. júní 1977, nemur 113 millj. kr. Samningur um framlög á næsta þriggja ára fjárhagstímabili stóð yfir á árinu, en var ekki lokið um áramót.

Norræn samvinna

Seðlabankar Norðurlanda hafa með sér náð samstarf, og halda þeir m.a. einu sinni á ári hverju fundi, þar sem rædd eru sameiginleg vandamál. Á árinu 1976 var seðlabankafundurinn haldinn í Danmörku. Seðlabankinn tekur auk þess þátt í störfum Fjárhagsnefndar Norðurlanda af Íslands hálfu. Nefndin fjallar um ýmis sameiginleg fjárhagsmálefni, einkum á sviði alþjóðafjármála, þar á meðal hefur hún séð um undirbúning mála, sem til umræðu eru í sjóðsstjórn og bráðabirgðastjórnarnefnd Alþjóðagjaldeyrissvarasjóðsins.

**Gjaldeyrislána-
samningur
Norðurlanda**

Seðlabankar Norðurlanda hafa síðan árið 1962 haft með sér gagnkvæma samninga um tímabundin gjaldeyrislán. Samningur þessi var endurskoðaður með gildistíma frá 1. febrúar 1976. Samkvæmt hinum endurskoðaða samningi hafa einstakir seðlabankar rétt til að fá og eru jafnframt skuldbundnir til að veita gjaldeyrislán að fjárhæð 60 millj. SDR, aðrir en Seðlabanki Íslands, en fyrir hann er tilsvarendi fjárhæð 10 millj. SDR. Lán þessi má taka, þegar eigin gjaldeyrisforði hefur verið notaður að eðlilegu marki, og skulu að jafnaði vera til sex mánaða. Með hinum nýja samningi hækkuðu fjárhæðirnar almennt um 50%, nema hin íslenska, sem hækkaði um 150%, og venjulegur láns tími lengdist úr þremur í sex mánuði. Jafnframt voru gerðar ýmsar tæknilegar breytingar á samningnum vegna breyttra aðstæðna í alþjóðagjaldeyrismálum. Má þar m.a. nefna, að fjárhæðirnar eru nú ákveðnar í sérstökum dráttarréttindum.

UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Seðlabankinn sér um rekstur Ríkisábyrgðasjóðs samkvæmt samningi við fjármálaráðuneytið. Ennfremur annast bankinn bókhald og afgreiðslu fyrir Hafnabótasjóð og Orkusjóð samkvæmt ákvæðum í hafna- og orkulögum.

Ríkisábyrgðasjóður

Nokkru færri nýjar ríkisábyrgðir voru afgreiddar á árinu en árið áður, og fjárhæð nýrra ábyrgða var um helmingur á við það, sem var árið áður. Yfirlit yfir fjárhæð og fjölda nýrra ábyrgða á sl. ári fer hér á eftir og til samanburðar eru tölur fyrir árið 1975.

	1975		1976	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir	71	323	23	122
Vatnsveitur	3	5	3	9
Hitaveitur	1	2	1	58
Fiskiðnaður	3	9	1	25
Iðnaður	5	129	—	—
Raforkumál, virkjanir	1	822	1	120
Samgöngur	3	2.307	3	635
Togarakaup	1	30	4	518
Byggingarsamvinnufélög	727	480	695	596
Annað	4	14	4	16
	819	4.121	735	2.099

Mjög mikil aukning varð á greiðslum, sem á Ríkisábyrgðasjóð féllu vegna ábyrgða, miðað við fyrra ár. Heildarfjárhæð innleystra krafna jókst um 490 m.kr. og nam alls 1.210 m.kr. Endurgreiðslur skuldara urðu hins vegar 937 m.kr. svo að nettó greiðslur úr sjóðnum urðu 273 m.kr. en urðu 39 m.kr. árið áður. Stærstu greiðslurnar, sem á sjóðinn féllu á árinu, voru vegna Orkusjóðs og vegna ferjuskipanna Herjólfss og Akraborgar. Lítil aukning varð á skuldum sveitarfélaga við sjóðinn, þrátt fyrir að greiða þyrfti allháar fjárhæðir vegna þeirra, þar eð verulegur hluti greiðslna þessara hefur innheimzt af framlögum úr Jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

M.kr.	1972	1973	1974	1975	1976
Innleystar kröfur	177	277	318	720	1.210
Endurgreiðslur skuldara	133	243	243	681	937
	44	34	75	39	273

Á yfirlitinu hér að ofan má sjá greiðslur úr sjóðnum vegna vanskila undanfarin ár og endurgreiðslur frá skuldurum.

Auk greiðslna vegna ríkisábyrgða, sem að ofan getur, lenti á Ríkisábyrgðasjóði að greiða af lánum þeim, sem tekin hafa verið til kaupa á stórum skuttogurum, en ekkert fé var sérstaklega ætlað á fjárlögum til að standa undir slíkum greiðslum. Alls námu slíkar greiðslur 360 m.kr. umfram innborganir frá togaraeigendum.

Í tengslum við Ríkisábyrgðasjóð er Tryggingardeild útflutningslána. Starfsemi hennar var mjög lítil á árinu.

Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Seðlabankinn veitir ríkissjóði ýmsa fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur og Ríkisábyrgðasjóður annast vörzlu lána, sem ríkissjóður veitir af eigin fé sínu eða fé því, sem hann tekur í því skyni að endurlána það. Heildarfjárhæð slíkra lána í vörzlu Ríkisábyrgðasjóðs nam í árslok 1976 40.257 m.kr. og hækkaði um 13.230 m.kr. á árinu. Alls nam fjárhæð nýrra lána, sem afgreidd voru í nafni ríkissjóðs 10.590 m.kr. á árinu 1976.

Spariskírteini

Í fjárlögum 1976 var heimilað að gefa út ríkisskuldabréf að fjárhæð 1.400 m.kr., auk útgáfu spariskírteina í stað þeirra, sem innleyst kynnu að verða að viðbættari áfallinni verðbót. Samkvæmt heimild þessari voru gefin út spariskírteini í tveim flokkum, 609 m.kr. í hinum fyrri, en 509 m.kr. í hinum seinni eða alls 1.118 m.kr. Sala fyrra flokksins hófst í marz og lauk í byrjun maí. Hámarkslánstími þessara skírteina er 18 ár, en þau eru innleysanleg frá og með 10. marz 1981. Meðalársvextir fyrir allan lánstímann eru um 4%, en vextir fyrstu 5 árin 3% á ári. Grunnvísitala skírteina í þessum flokki er byggingarvísitala 1. apríl 1976, 105 stig. Sala seinna flokksins hófst í byrjun október og stóð til nóvemberloka. Hámarkslánstími skírteina í þessum flokki er 20 ár, en skírteinin eru innleysanleg frá og með 25. janúar 1982. Meðalársvextir allan lánstímann eru um 3½%, en vextir fyrstu 5 árin eru 3% á ári. Grunnvísitala skírteina í þessum flokki er byggingarvísitala 1. janúar 1977, 126 stig. Af fjárhæð spariskírteina, sem út voru gefin 1976, voru 218 m.kr. seldar vegna innlausnar eldri skírteina. Alls hafa nú verið gefnir út 22 flokkar spariskírteina, samtals að nafnverði 4.553 m.kr. Í árslok 1976 nam nafnverð óinnleysta skírteina 4.353 m.kr., en að viðbættum vöxtum og verðbótum nam reiknað innlausnarvirði þessara skírteina 13.375 m.kr.

Happdrættisbréf

Samkvæmt fyrrgreindri fjárlagaheimild voru gefnir út 2 flokkar verðtryggðra happdrættisskuldabréfa á árinu. Fyrri flokkurinn, H-flokkur, að fjárhæð 300 m.kr. var boðinn til sölu í lok marz og lauk sölu hans í maí. Seinni flokkurinn, I-flokkur, að fjárhæð 200 m.kr. var boðinn til sölu í lok nóvember og var hann ekki að fullu seldur í lok ársins. Happdrættisbréf þessi eru innleysanleg að 10 árum liðnum frá útgáfu. Við innlausn greiðist af þeim verðbót, sem miðast við hækkun, sem orðið hefur á lánstímanum á þeirri vísitölu framfærslukostnaðar, sem í gildi var við útgáfu bréfanna. Bréfin eru vaxtalaus, en árlega eru dregnir út vinningar, sem jafngilda 10% af höfuðstóli bréfa í hvorum flokki. Alls hafa nú verið gefnir út 9 flokkar happdrættisskuldabréfa, samtals að nafnverði 1.610 m.kr., miðað við, að lokið sé sölu I-flokks. Reiknað innlausnarvirði happdrættisskuldabréfa þessara nam 3.252 m.kr. í árslok 1976 miðað við vísitölu framfærslukostnaðar, sem þá var í gildi.

Erlend lán

Ríkissjóður tók tvö erlend framkvæmdalán á árinu og var andvirði þeirra varið til lánveitingar innan lánsfjáráætlunar og til Landsvirkjunar. Lán þessi voru bæði almenn markaðslán, tekin fyrir milligöngu Credit Commercial de France, First Boston (Europe) Limited o.fl. Fyrri lánið, sem tekið var í febrúar, var að fjárhæð EUA 15.000.000 eða um 3.232 m.kr. Það er afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist á árunum 1979—1983 og ársvextir eru 9¼%. Síðara lánið, sem tekið var í júlí, var að fjárhæð EUA 12.000.000 eða um 2.760 m.kr. Það er til 10 ára og ársvextir 9¼%. Ennfremur var vegna lánsfjáráætlunar 1976 tekið erlent bráðabirgðalán fyrir milligöngu Seðlabankans. Lán þetta nam \$ 3.925.000 eða um 745 m.kr.

Orkusjóður

Framlög til Orkusjóðs námu alls 1.216 m.kr. á árinu 1976, þ.e. verðjöfnunargjald af raforkusölu 645 m.kr. og tekjur af olíugjaldi 571 m.kr. Lántökur urðu alls 3.206 m.kr. Alls veitti sjóðurinn lán að fjárhæð 3.396 m.kr. Þar af voru lánveitingar til Rafmagnsveitna ríkisins 3.106 m.kr. Lán til jarðhitaleitar voru 276 m.kr. og lán til bænda vegna einkarafstöðva 8 m.kr. Óafturkræf framlög og styrkir námu 887 m.kr. á árinu. Þar af námu framlög til Rafmagnsveitna ríkisins af verðjöfnunargjaldi 642 m.kr. og 135 m.kr. vegna sveitarafvæðingar.

Hafnabótasjóður

Lánveitingar úr Hafnabótasjóði urðu nokkru minni en á árinu 1975. Alls voru afgreidd úr sjóðnum 46 lán að fjárhæð 269 m.kr. auk 10 bráðabirgðalána út á fjárveitingar samtals að fjárhæð 77 m.kr. Heildarlánveitingar úr sjóðnum urðu því 346 m.kr. Ennfremur voru hafnarsjóðum veittir styrkir samtals að fjárhæð 52 m.kr. Á árinu voru tekin lán hjá Framkvæmdasjóði að fjárhæð

**Verðjöfnunarsjóður
fiskiðnaðarins**

221 m.kr. og bráðabirgðalán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði að fjárhæð 70 m.kr. Framlag til sjóðsins á fjárlögum hækkaði nokkuð miðað við árið á undan, og var 82 m.kr. á móti 65 m.kr. árið áður. Hreinar vaxtatekjur lækkuðu nokkuð miðað við árið á undan urðu 24 m.kr. miðað við 26 m.kr. 1975.

Þau merki um bata, sem komu fram í verðlagsþróun sjávarafurðu á síðasta ársfjórðungi ársins 1975, komu betur í ljós, þegar kom fram á árið 1976. Í fyrstu átti þetta við um freðfisk, en síðar á árinu varð einnig mikil hækkun á mjöli og lýsi, en sú verðhækkun kom þó of seint til að hafa teljandi áhrif á framleiðslu loðnuvertíðarinnar. Haldið var því áfram greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði, en þó heldur í minna mæli en árið áður að því er varðaði freðfisk og loðnumjöl, en aftur á móti var enn greitt inn í sjóðinn af saltfiski, svipað og árið áður.

Endanlegt uppgjör fyrir framleiðslu ársins 1975 liggur fyrir, og sýnir eftirfarandi yfirlit innheimt fé og greiðslur úr sjóðnum eftir deildum:

	<i>Innheimt</i> <i>m.kr.</i>	<i>Útgreitt</i> <i>m.kr.</i>
Frystar fiskafurðir	0	1.241
Saltfiskur	178	0
Loðnumjöl	0	377
Loðnulýsi	0	3

Einnig var 50 m.kr. ráðstafað, sbr. lög nr. 55/1975, um ráðstöfun gengishagnaðar til að verðbæta loðnumjöl, framleitt frá 23/3 til vertíðarloka 1975, (25 m.kr.), og fiskimjöl, framleitt frá 15/3 til 31/5 1975, (25 m.kr.).

Uppgjöri fyrir framleiðslu ársins 1976 er enn ekki að fullu lokið en gera má ráð fyrir, að innheimt fé og greiðslur úr sjóðnum eftir deildum geti numið þessum upphæðum:

	<i>Innheimt</i> <i>m.kr.</i>	<i>Útgreitt</i> <i>m.kr.</i>
Frystar fiskafurðir	0	392
Saltfiskur	250	0
Loðnumjöl	0	85
Loðnulýsi	0	0
Skreið	150	0

Nokkur óvissa er um hver verður endanleg greiðsla í sjóðinn af skreið, en eftir því sem næst verður komið ættu það að geta orðið 150 m.kr.

Á árinu 1976 kom það fyrir í fyrsta skipti, að sjóðurinn gat ekki staðið við greiðslur verðbóta á grundvelli þess viðmiðunarverðs, sem ákveðið hafði verið. Átti þetta við um framleiðslu loðnumjöls á vetrarvertíðinni. Við uppgjör kom í ljós, að 90 m.kr.

vantaði á að sjóðurinn gæti staðið við skuldbindingu sína. Í þessu sambandi hafði ríkissjóður ábyrgzt greiðslu allt að 150 m.kr. Voru þessar 90 m.kr. greiddar sem óafturkræft framlag til sjóðsins.

Á árinu 1975 var gerður samningur milli ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands um verðtryggingu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, skv. b-lið 1. gr. laga nr. 45/1975 um breytingu á lögum nr. 72/1969. Í 2. gr. samningsins segir svo:

„Seðlabankinn og ríkissjóður skipti með sér að tryggja verðgildi sjóðsins, ef hrein gjaldeyriseign bankans nægir aðeins til tryggingar verðgildis sjóðsins að hluta, eftir útreikningum Seðlabankans þar um. Skilyrði fyrir því, að ríkissjóður gengistryggi verðgildi innstæðu Verðjöfnunarsjóðs hjá Seðlabankanum, er, að samanlagt verðmæti hreinnar (nettó) gjaldeyriseignar bankans og skuldabréfa hans með gengistryggingu, nægi ekki til að tryggja verðgildi innstæðu sjóðsins hjá bankanum og gengistryggir ríkissjóður þá það, sem á vantar.“
Ákvæði 1. mgr. gildir frá og með 1. janúar 1975.

Við gengisbreytingarnar í lok ágúst 1974 og um miðjan febrúar 1975 var ákveðið með lögum, að gengismismunur af sjávarafurðum skyldi lagður í sérstakan gengismunarsjóð, sem skyldi varið í þágu sjávarútvegsins, og var sú ráðstöfun fjárens einnig ákveðin með sérstökum lögum. Eftirfarandi yfirlit sýnir, hversu mikið innheimtist af fé þessu til loka árs 1976 og hvernig því var varið í meginatriðum. Tölurnar eru í milljónum króna.

Gengismunur af sjávarafurðum

		<i>Gengisbreyting 1974</i>	
		<i>Ráðstöfun</i>	<i>Innkomið</i>
Gengismunur		1.991
Vextir		79
Hækkun flutningskostnaðar o. fl. v/ gengisbreyt. ...		350	
Hluti gengistaps v/erlendra skulda eigenda fiskiskipa		600	
Framl. til báta- og togaraflotans v/rekstrarerfiðleika		479	
Halli vegna niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa 1974 ...		330	
Annað		230
Mismunur, óráðstafað		81
		Samtals:	2.070 2.070
		<i>Gengisbreyting 1975</i>	
		<i>Ráðstöfun</i>	<i>Innkomið</i>
Gengismunur		1.964
Vextir		115
Hækkun flutningskostnaðar o. fl. v/gengisbreyt. ...		436	
Hluti gengistaps v/erlendra skulda eigenda fiskiskipa		556	
Til Fiskeiðasjóðs Íslands		300
Lánveitingar vegna breytingar á lausask. sjávarútv. .		340	
Til Tryggingarsjóðs fiskiskipa		100
Annað		317
Mismunur, óráðstafað		30
		Samtals	2.079 2.079

Viðlagasjóður

Í lögum um Viðlagasjóð frá 7. febrúar 1973 er kveðið á um skyldu Seðlabankans til að varðveita sjóðinn og annast bókhald hans. Verkefni við bókhald, endurskoðun, upplýsingamiðlun og skýrslugerðir vegna fjölpætttrar starfsemi sjóðsins hafa reynzt mikil að vöxtum, en ýmis önnur verkefni tengd Viðlagasjóði hafa einnig verið leyst af hendi í Seðlabankanum, og hefur öll þessi þjónusta bankans verið látin í té án endurgjalds.

Ekki kom til þess, að Viðlagasjóður eignaðist innstæður í Seðlabankanum, en í stað þess veitti bankinn honum frá upphafi mikla fyrirgreiðslu í formi yfirdráttar. Við formleg lok á starfsemi sjóðsins í árslok 1976 var samið um uppgjör á eftirstöðvum yfirdráttarskuldarinnar, sem þá nam rúmum 1.100 m.kr., með því að Seðlabankinn keypti af Viðlagasjóði skuldabréf að fjárhæð 1.200 m.kr. Lánstími bréfsins var ákveðinn 8 ár með 16% ársvöxtum, en sjóðurinn ávísaði til bankans tilteknum afborgunum og vöxtum af fasteignaveðsbréfum og ýmsum öðrum kröfum í eigu sjóðsins, svo sem metið var að þyrfti til skila á vöxtum og afborgunum af greindu skuldabréfi. Þar eð enn er ekki lokið uppgjóri bóta, húsasölum o.fl. samkvæmt skuldbindingum og ákvörðunum stjórnar Viðlagasjóðs, starfar skrifstofa hans áfram að frágangi mála samkvæmt umboði frá Viðlagatryggingu Íslands, sem formlega hefur nú tekið við eignum og skuldum Viðlagasjóðs.

Viðlagatrygging Íslands

Viðlagatrygging Íslands var stofnuð með lögum nr. 32/1975 og tók til starfa 1. september 1975. Í lögunum er ákveðið, að Seðlabanki Íslands skuli annast bókhald og endurskoðun fyrir Viðlagatryggingu Íslands, og hafa því þessar stofnanir gert með sér samkomulag um framkvæmd þessara verka, svo og um varðveislu og ávöxtun á innstæðum Viðlagatryggingar. Starfsemi Viðlagatryggingar er afmörkuð við tryggingaverðmæti fasteigna og lausafjár og tengist að nokkru einstökum tryggingarlögum, sem sjá um innheimtu iðgjalda og uppgjör tjóna. Því má ætla, að umfang þeirrar þjónustu, sem Seðlabankinn þarf að láta í té, verði aðeins brot af því, sem Viðlagasjóður hefur þurft á að halda á síðastliðnum fjórum árum.

**Rekstur
Seðlabankans**

REKSTUR BANKANS OG ÝMIS STARFSEMI

Rekstrarafgangur Seðlabankans fyrir árið 1976 til ráðstöfunar til eigin sjóða nam 35,8 m.kr. Til gjalda höfðu þá verið færðir 13% vextir af eigin sjóðum bankans að upphæð 123 m.kr., arður af stofnfé 40 m.kr. og afskrift af gengistöpum 120 m.kr. Landsútsvar, launaskattar, gjöld af gjaldeyrisviðskiptum og fleiri opinber gjöld Seðlabankans námu alls 57,8 m.kr. Tillag til Eftirlauna-sjóðs starfsmanna var 10 m.kr. og hlutdeild í kostnaði Þjóðhagsstofnunar nam 27,3 m.kr.

Í varasjóð var ráðstafað 24,7 m.kr. af rekstrarafgangi, en í sjóðinn var einnig fært andvirði ógildrar myntar að upphæð 9,6 m.kr. og raunhagnaður af sölu erlendra verðbréfa, sem nam 8,7 m.kr. Eigin vextir til varasjóðs námu 87 m.kr. og þannig hækkaði sjóðurinn alls um 130 m.kr. á árinu og nam 800 m.kr. í árslok.

Annað eigið fé bankans að frátöldum gengisbreytingareikningum hækkaði um 47,1 m.kr. á árinu, þ.e. eigin vextir 36 m.kr. og ráðstöfun af rekstrarafgangi 11,1 m.kr., og námu því alls 329 m.kr. við lok ársins.

Breytingar á gengisskráningu bankans höfðu í för með sér nettó-gengishagnað, er nam 211,9 m.kr. á árinu í heild. Þannig batnaði neikvæð staða gengisbreytingareikninga bankans að meðtalinni áður greindri afskrift alls um 331,9 m.kr. og nam 80 m.kr. í árslokin.

Tekjur Arðsjóðs námu 57,5 m.kr. á árinu og var helmingi þeirra ráðstafað til Vísindasjóðs. Arðsjóður nam 138,3 m.kr. í árslokin. Fasteignir Seðlabankans, sem bókfærðar eru á 9,6 m.kr. í efnahagsreikningi, nema samtals 385,8 m.kr. samkvæmt fasteignamati í lok ársins 1976.

Þess skal loks getið að hlutafjareign Seðlabankans í Bank for International Settlements er talin með erlendum verðbréfum og nemur að nafnverði 65,1 m.kr., og bankinn á einnig hlutdeildarbréf fyrir framlögum til Útflutningslána-sjóðs að nafnverði 65 m.kr., en þau eru bókfærð með verðbréfum fjárfestingarlána-stofnana.

Húsnæðismál

Síðastliðið haust voru teknar í notkun fyrir bankann þrjár hæðir í húsinu Austurstræti 14, sem bankinn hafði tekið á leigu og látið lagfæra. Við þetta rýmkaðist húsnæðisaðstaðan, en hún er þó enn mjög óhagkvæm, eins og sést best á því, að starfsemin er í hluta fimm húsa í miðbænum. Þrjú þeirra eru tengd Landsbankanum og tvö handan við Austurstræti. Auk þess eru geymslur á tveimur stöðum í austurborginni. Áfram er unnið að hugmyndum um framtíðarhúsnæði Seðlabankans.

Seðlar og mynt

Í árslok voru seðlar og mynt í umferð 6.034,5 m.kr. og höfðu aukizt á árinu um 29%, en árið áður var aukningin 27,2% og árið 1974 28,7%. Tafla 16 í töflusafni sýnir skiptingu seðlamagnsins á einstakar seðlastærðir og kemur þar fram, að hlutdeild 5000 kr. seðla í seðlamagninu er 78,5%, en hlutdeild 100 kr. seðla aðeins 4,3%. Að fjölda til eru 100 kr. seðlar hins vegar langflestir eða 54,8% og er útgáfa þeirra orðin all kostnaðarsöm, þar sem meðalending er aðeins um 11 mánuðir og endurnýja þarf árlega hátt á þriðju milljón seðla.

Er augljós þörf fyrir verðmeiri seðla og nýja 100 kr. mynt í stað 100 kr. seðils. Er það eðlilegt framhald á þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á undanförunum árum í því skyni að draga úr kostnaði og auka á hagkvæmni í notkun seðla og myntar í viðskiptalífinu. Er nú hafinn undirbúningur að útgáfu 10.000 kr. seðils og 100 kr. penings.

Á árinu voru settar í umferð 13,9 millj. stykkja af skiptimynt, samtals að fjárhæð 56,5 m.kr., og voru allar myntstærðirnar slegnar með ártalinu 1976. Nýr krónupeningur úr áli var látinn í umferð í byrjun október og er kostnaðarverð hans kr. 1,25 pr. stk. Var þessi breyting óumflýjanleg, þar sem málminnihald gamla krónupeningsins var eitt orðið meira virði en verðgildi hans og kostnaðarverðið þrefalt herra.

Seðlagreiningardeild bankans bærust til vinnslu 15,4 millj. seðla á árinu 1976, samtals að fjárhæð 24.189 m.kr., og er það um 14,5% aukning frá árinu áður. Þeir seðlar, sem ekki voru hæfir til að fara í umferð á ný, voru gataðir og síðan brenndir. Í mynttalningu voru talin 18,2 millj. stk. og er það nokkru minna en árið áður. Ástæður eru m.a. þær, að peningastofnanir liggja með meira af mynt en áður og hafa þannig dregið úr flutningum til og frá Seðlabanka.

Heildartala starfsfólks við alla mynt og seðlameðferð að meðtöldum aðalféhirði, gjaldkerum og starfsfólki í seðlagreiningu er 13 manns.

**Þjóðhátíðarmynt
1974**

Hinn 10. desember tilkynti Seðlabankinn, að bankaráð hefði að tillögu bankastjórnar ákveðið að stofna sérstakan Þjóðhátíðarsjóð við bankann af hagnaði af sölu þjóðhátíðarmyntar 1974, og er stofnfé hans 300 m.kr. Ríkisstjórninni voru afhentar tillögur bankans um skipulag og hlutverk sjóðsins, en hún mun síðan leggja málið fyrir Alþingi til endanlegrar ákvörðunar.

**Ávísanaskipti og
tékkamálin**

Formleg ávísanaskipti hófust hér á landi í októberbyrjun 1957 í sérstakri deild bankans, sem stofnuð var í þessu skyni. Deildin annaðist einnig upplýsingasöfnun og aðra þjónustu á vegum Samvinnunefndar banka og sparisjóða varðandi tékkaviðskipti og tékkamisferli. Hinn 11. júní sl. urðu þáttaskil í þessum störfum, er Reiknistofa bankanna hóf ávísanaskipti með úrvinnslu daglegra færslugagna frá öllum bönkunum og nokkrum sparisjóðum, sem gerzt hafa aðilar að reiknistofunni.

Tékkamálin voru mjög til umræðu innan bankanna og á opinberum vettvangi á sl. ári. Vaxandi misnotkunar hafði gætt á árinu 1975. Kom þetta berlega fram í sérstökum könnunum, er Seðlabankinn stofnaði til í nóvember og desember það ár. Í janúar 1976 var skipuð nefnd, sem falið var það verkefni að koma með tillögur um endurskipan tékkamála. Var nefndin skipuð í samráði við viðskiptaráðherra, tveimur fulltrúum frá viðskiptaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti, tveimur fulltrúum Sambands íslenskra viðskiptabanka, fulltrúa Sambands íslenskra sparisjóða og formanninum, sem Seðlabankinn tilnefndi.

Fóru fram viðtækar umræður um þessi mál milli bankanna, sparisjóðanna og ráðuneytanna og voru gerðar verulegar breytingar á reglum um tékkaviðskipti. Auk umræddrar tékkaneftar unnu að þessu máli Samvinnunefnd banka og sparisjóða og Samstarfsnefnd bankanna um Reiknistofu.

Í tengslum við gagngera endurskoðun á tékkareglum og vegna nýrra ákvarðana um vexti af ávísana- og hlaupareikningum frá 20. nóv. sl. var gengið frá skipulagi á sérstöku færslukerfi fyrir innstæðulausa tékka. Í fyrstu náði framkvæmd þessi einungis til tékka á hlaupareikninga, en frá 17. jan. 1977 tók færslukerfið einnig til tékka sparisjóðsávísanareikninga.

**Starfsemi
Bankaefirlitsins**

